Skagafjörður

# stöðumat

desember 2005

## Ferðaþjónusta í Skagafirði



# Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| Efnisyfirlit | 02 |
| Myndaskrá | 03 |
| Töfluskrá | 03 |
| Formáli | 04 |
| Inngangur | 05 |
| Viðhorf ferðamanna í Skagafirði | 07 |
| Gistimöguleikar í Skagafirði | 08 |
| Matartengd ferðaþjónusta | 11 |
| Menningartengd ferðaþjónusta | 16 |
| Náttúrutengd ferðaþjónusta | 20 |
| Íþróttatengd ferðaþjónusta | 22 |
| Ævintýraferðamennska | 23 |
| Hestatengd ferðaþjónusta | 24 |
| Samgöngur | 28 |
| Skipulagsmál | 30 |
| Kynningarmál | 30 |
| Önnur þjónusta | 31 |
| Viðauki 1: Hátíðir og viðburðir í Skagafirði | 32 |
| Viðauki 2: Rannsóknir og þróunarverkefni | 33 |
| Viðauki 3: Niðurstöður nemendaverkefna | 36 |
| Viðauki 4: Þjónustulisti | 38 |

# Myndaskrá

Mynd 1. Gengið um bæinn. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 2. Upplýsingamiðstöðin í Varmahlíð. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 3. Herbergi á Hótel Tindastóli. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 4. Gisting í Keldudal. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 5. Kjötvinnsla. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 6. KS súrmjólkin er margverðlaunuð. Mynd: Nýprent
Mynd 7. Merki Local Food. Mynd: Nýprent
Mynd 8. Glaumbær. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 9. Vesturfarasetrið í Hofsósi. Mynd: Jakob Frímann Þorsteinsson
Mynd 10. Pakkhúsið í Hofsósi. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 11. Hóladómkirkja. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 12. Leiksýning í Hofsósi. Mynd: Harpa Kristinsdóttir
Mynd 13. Dægurlagakeppnin. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 14. Hafnardagur á Króknum. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 15. Stóðréttir. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 16. Fugl. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 17. Slakað á í heitum potti. Mynd: Jakob Frímann Þorsteinsson
Mynd 18. Golfkennsla á Hlíðarendavelli. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 19. Gengið á fjöll. Mynd: Jakob Frímann Þorsteinsson
Mynd 20. Rafting. Mynd: Ævintýraferðir
Mynd 21. Hestar í kvöldsól. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 22. Frá sýningunni Tekið til kostanna. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 23. Frá Landsmóti hestamanna. Mynd: Hinir sömu sf.
Mynd 24. Frá Laufskálarétt. Mynd: Hinir sömu sf.

# Kortaskrá

Kort 1. Gististaðir í Skagafirði. Mynd: Hjalti Þórðarson
Kort 2. Veitingastaðir í Skagafirði. Mynd: Hjalti Þórðarson
Kort 3. Afþreyingarþjónusta í Skagafirði. Mynd Hjalti Þórðarson

# Línurit

Línurit 1. Gistinætur í Skagafirði. Mynd: Þorvarður Árnason

# Töfluskrá

Tafla 1. Aukning í fjölda ferðamanna til Íslands
Tafla 2. Áætlaðar gistinætur innlendra ferðamanna, þróun 2001-2004
Tafla 3. Gistimöguleikar í Skagafirði
Tafla 4. Dreifing gistimöguleika um Skagafjörð
Tafla 5. Fjöldi og dreifing gistirýma
Tafla 6a. Bílafjöldi á dag á sýslumörkum sumar og vetur árin 2000 og 2004
Tafla 6b. Bílafjöldi á dag í þéttbýliskjörnum sumar og vetur 2000 og 2004
Tafla 7. Snjómokstur í Skagafirði

# Formáli

**Eitt af einkennum ferðaþjónustu er hversu víðfeðm atvinnugrein hún er og hversu mikið hún skarast á við flesta þætti samfélagsins. Ferðaþjónusta er ekki sérstök atvinnugrein í venjulegri merkingu þess orðs eins og t.d. fiskveiðar eða landbúnaður heldur er hún í raun samsett af mörgum atvinnugreinum sem eiga viðskipti við ferðamenn en sinna jafnframt öðrum viðskiptahópum og oft er erfitt að finna skörp skil þar á milli. Þetta gerir það að verkum að iðulega eru fyrirtæki og starfsfólk þeirra ekki meðvituð um þátt sinn í ferðaþjónustu. Þetta gerir það líka að verkum að erfitt er að ná utan um raunverulegt umfang ferðaþjónustunnar.**

Í þessari samantekt er markmiðið fyrst og fremst að draga upp mynd af því sem kalla má kjarnagreinar ferðaþjónustunnar eða gisting, veitingar, afþreying og samgöngur. Leitast er við að draga upp mynd af stöðunni í þessum greinum eins og hún er í dag. Gerð er grein fyrir fyrirtækjum, stærð þeirra og umfangi að svo miklu leyti sem það er mögulegt. Skortur á hvers kyns tölulegum upplýsingum hefur lengi háð ferðaþjónustu á Íslandi og ferðaþjónustan í Skagafirði er þar engin undantekning. Hvergi var t.d. að finna nákvæma skráningu yfir fyrirtæki í ferðaþjónustu, fjölda eininga (s.s. gistirými, sæti á veitingastöðum) og fjölda starfsmanna. Við vinnu þessa stöðumats var sú leið því valin að fara vandlega yfir þá mismunandi þjónustulista sem til staðar voru og hringja svo í rekstraraðila til þess að fá frá þeim beint þær upplýsingar sem leitað var eftir. Stöðumatið felur ekki í sér úttekt á hagstærðum (veltu og hagnaði) en það gefur góða heildarmynd af skagfirskri ferðaþjónustu og er mikilvægur grunnur fyrir alla stefnumótunarvinnu.

Reynslan bæði erlendis frá og frá öðrum svæðum hér á landi sem eru komin lengra á veg með uppbyggingu ferðaþjónustu sýnir að samspil heildarinnar er það sem skiptir máli. Framboð hinna ýmsu þjónustuþátta, gæði stoðkerfisins, samgöngur, almennt atvinnustig áfangastaðarins og svo seglarnir fléttast saman í eina heild sem myndar áfangastað ferðamannsins. Hátt menntunarstig, góðar samgöngur, gæða upplýsinga- og fjarskiptakerfi, gott þjónustustig, þar með taldir þeir þættir sem lúta að umhverfismálum, sorphirðu, endurvinnslu og þess háttar - allt eru þetta atriði sem hafa gríðarmikið að segja við þróun og uppbyggingu á ferðaþjónustu.

Sem dæmi má nefna menningartengda ferðaþjónustu. Flestum er ljós sá auður sem liggur falinn í menningararfi þjóðarinnar og æ fleiri hafa gert sér grein fyrir því að samtímamenning okkar, mannlíf og sérkenni hvers svæðis er auðlind sem nýta má ferðaþjónustu til framdráttar. En sagan og menningin verða ekki sjálfkrafa að seljanlegri vöru og í mörgum tilvikum eru slík verkefni alls ekki á færi einstaklinga einna heldur verður að koma til samvinna fjölmargra félaga og stofnana á viðkomandi svæði: milli ráðgjafa, ferðaþjónustuaðila, menningarstofnana, sveitarstjórna og íbúa. Lifandi og öflugar menningarstofnanir á borð við bókasöfn, héraðsskjalasöfn, minjasöfn, tónlistarskóla, leikfélög, kóra, kvenfélög og sögufélög geta í samstarfi við ferðaþjónustuaðila staðið að fjölþættu menningarstarfi, sýningarhaldi, hátíðahöldum og skemmtunum sem laða að ferðamenn innlenda sem erlenda, jafnframt því að auðga líf íbúanna. Fagmennska í ferðaþjónustu felst ekki síst í samstarfi sem þessu.

Stöðumatið var unnið af kennurum ferðamáladeildar. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Þorvarður Árnason skrifuðu inngangskafla, Elín Antonsdóttir fjallaði um gistimöguleika í Skagafirði, Laufey Haraldsdóttir um matartengda ferðaþjónustu, þau Guðrún Helgadóttir, Kjartan Bollason, Christiane Mainka og Ingibjörg Sigurðardóttir gerðu úttekt á afþreyingu og Kjartan Bollason á samgöngum og skipulagsmálum. Öll þurftu þau að hafa mikil samskipti við rekstrar- og þjónustuaðila og er skemmst frá því að segja að undirtektir voru ávallt mjög jákvæðar og er hinum fjölmörgu viðmælendum þeirra hér með þökkuð aðstoðin. Áskell Heiðar Ásgeirsson skrifaði um kynningarmál og Þorsteinn Broddason um aðra þjónustu í Skagafiriði. Hjalti Þórðarson útbjó kort og Þorvarður Árnason annaðist lokafrágang skýrslunnar, í samráði við aðra höfunda.

*Guðrún Þóra Gunnarsdóttir,*
*deildarstjóri ferðamáladeildar Hólaskóla*

# Inngangur

**Fjöldi þeirra erlendu ferðamanna sem leggur leið síns til Íslands hefur farið aukist ár frá ári undanfarna þrjá-fjóra áratugi og hefur t.a.m. ríflega fjórfaldast á síðastliðnum þrjátíu árum (sjá Töflu 1) samkvæmt upplýsingum sem finna má á heimasíðu Ferðamálaráðs.** Árið 2004 var enn og aftur slegið nýtt met en þá komu 362.200 erlendir ferðamenn til Íslands með flugvél eða ferju og samsvaraði það ríflega 13 % aukningu í fjölda frá árinu áður[1]. Í þessari tölu eru ekki taldir með þeir ferðamenn á skemmtiferðaskipum sem höfðu hér viðkomu en þeir voru taldir vera um 40.000 á síðastliðnu ári. Þótt komur ferðamanna til Íslands aukist sífellt er dreifing ferðamanna um landið þó æði misjöfn og því verður þeirra – sem og aukningar í fjölda þeirra - mismikið vart á ólíkum stöðum.

**Tafla 1: Aukning í fjölda erlendra ferðamanna til Íslands**

| Ár | 1974 | 1984 | 1994 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi erlendra ferðam. | 68.026 | 85.290 | 179.214 | 362.200 |
| Aukning milli áratuga | | 25,4 % | 110,2 % | 102,1 % |
| Aukning frá upphafi | | 25,4 % | 163,4 % | 432,4 % |

Samkvæmt útreikningum fyrirtækisins Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) munu um 57 % þeirra erlendu ferðamanna sem komu til Íslands sumarið 2004 hafi farið eitthvað um Norðurland[2]. Hlutfall þeirra sem gistu á Norðurlandi var þó heldur lægra eða 53 %. Dreifingin innan Norðurlands var enn fremur talsverð breytileg, sumarið 2004 gisti þannig aðeins ríflega fjórðungur (27-29% ) þeirra sem fóru um Skagafjörð í héraðinu - langflestir erlendir ferðamenn sem komu til Skagafjarðar voru með öðrum orðum aðeins daggestir. Á heildina litið gisti einn af hverjum átta ferðamönnum (12 %) sem kom til landsins sumarið 2004 í Skagafirði og er það mun lægra hlutfall en t.a.m. í Þingeyjarsýslunum (38 %) eða Eyjafirði (32 %).

Áætlaður heildarfjöldi gistinátta erlendra ferðamanna á Norðurlandi árið 2004 skv. RRF er rétt um 440.000 og þar af ættu, skv. ofangreindu, gistinætur þeirra í Skagafirði að hafa verið ríflega 50.000. Hér verður þó að hafa í huga að aðeins hluti ferðafólks kaupir næturgistingu á stöðum þar sem gisting er skráð og því eru tölur um skráða gistingu mun lægri, sjá nánar hér að neðan.

Íslendingum sem ferðast um landið hefur einnig fjölgað á mili ára, þótt ferðalög þeirra – sérstaklega val á áfangastöðum – fari mun meira eftir tíðafari hvers árs en hjá útlendingum. RRF áætlar að um 69 % landsmanna hafi farið eitthvað um Norðurland árið 2004. Hlutfall innlendra ferðamanna sem gista eina nótt eða lengur í Skagafirði var heldur hærra en meðal útlendinga en um 18 %. Heildarfjöldi gistinátta Íslendinga í Skagafirði var um 195.000 árið 2004, samkvæmt þessum forsendum, og hafði þá aukist talsvert frá árinu áður eða úr 154.000 gistináttum (sjá Töflu 2). Skráðar gistinætur íslenskra ferðamanna voru þó mun færri, eins og áður var getið.

**Tafla 2: Áætlaðar gistinætur innlendra ferðamanna, þróun 2001-2004[3]**

| Gistinætur Íslendinga/Ár | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| Gistinætur á Norðurlandi | 952 þ. | 949 þ. | 1072 þ. | 1085 þ. |
| Gistinætur í Skagafirði | 134 þ. | 167 þ. | 154 þ. | 195 þ. |
| Hlutfall sem gistir í Skagafirði | 13 % | 15 % | 17 % | 18 % |

Skráðar gistinætur erlendra ferðamanna í Skagafirði árið 2004 voru hins vegar aðeins 16.754 en gistinætur innlendra ferðamanna voru 18.159, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Samtals voru 24.214 ferðamenn skráðir sem gistu alls í 34.913 nætur. Þessar tölur sýna glöggt mikilvægi Íslendinga sem gesta en þeir voru 49 % ferðamanna og gistinætur þeirra voru 52 % af heildinni árið 2004. Um 20 % erlenda gesta voru Þjóðverjar, 16 % Frakkar, 9 % Ítalir og 8 % Hollendingar.

1. *http://www.ferdamalastofa.is/displayer.asp?cat_id=38#Fjöldi%20erlendra%20ferðamanna%201972-2003*
2. *Hér og annars staðar varðandi tölur frá Norðurlandi (nema annað sé tekið fram) er byggt á skýrslu Rögnvaldur Guðmundssonar Norðurland, ferðamenn og gistinætur 2001-2004 (útgefandi Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf.) sem út kom í ágúst 2005.*
3. *Byggt á RFF, s. 27-28*

Ef þróunin í fjölda gistinátta ferðamanna í Skagafirði er skoðuð yfir tíma (sjá Mynd nr. 1), kemur í ljós að fjöldi erlendara gesta hefur aukist nokkuð stöðugt ár frá ári og var þannig árið 2004 ríflega tvöfalt meiri en tíu árum áður. Fjöldi innlendra gesta hefur einnig aukist talsvert en þó ekki alveg eins mikið og þess utan eru meiri sveiflur í fjölda þeirra frá ári til árs. Heildarfjöldi gistinátta stóð nokkurn veginn í stað á árunum 2000-2003 en jókst hins vegar verulega á milli áranna 2003 og 2004 (18,8 % aukning).

**Línurit 1:** Gistinætur í Skagafirði 1994-2004




Samkvæmt ofangreindum upplýsingum frá Hagstofu Íslands, hefur fjölgun gistinátta erlendra ferðamanna í Skagafirði haldist nokkuð vel í hendur við aukningu í fjölda erlendra ferðamanna sem koma til landsins síðastliðin áratug, þannig að segja má að Skagafjörður hafi haldið sínum hlut á því tímabili. Sem fyrr segir eru þó gistinætur útlendinga í Skagafirði þó talsvert færri hlutfallslega en á nærliggjandi svæðum á Norðurlandi og því gætu sóknarfæri í skagfirskri ferðaþjónustu verið umtalsverð, ef rétt væri á spöðunum haldið.

# Viðhorf ferðamanna í Skagafirði

**Sumarið 2004 var gerð viðhorfskönnun meðal ferðamanna í Skagafirði. Spurningalistar lágu frammi hjá stærstum hluta skagfirskra ferðaþjónustufyrirtækja um 6 vikna skeið. Könnunin leiddi í ljós að Skagafjörður hefur ekki skýra ímynd á markaðnum en tækifæri felast í staðbundnum auðlindum. Þar ber hæst menningartengda ferðaþjónustu, hestatengda ferðaþjónustu og þróun ferðamennsku er tengist mat af heimaslóð.**

## Helstu niðurstöður

Í rannsókninni var lögð fyrir spurningakönnun meðal erlendra og innlendra gesta í Skagafirði sumarið 2004 og var markmiðið að greina viðhorf markhópa og ferðahegðun innan héraðsins. Alls var 505 spurningalistum safnað og voru 494 notaðir í úrvinnslu. Einstaklingar af 24 þjóðerni tóku þátt og voru Íslendingar og þýskumælandi ferðamenn stærstu hóparnir. Meðalaldur erlendra ferðamanna er 45 ár og stærstur hlutinn er háskólamenntaður.

## Ferðahegðun

Flestir erlendu ferðamannana eru á bílaleigubíl og ferðast þá gjarna tveir saman. Ekki er mikið um að börn séu tekin með í ferðalagið en Íslendingar ferðast yfirleitt með alla fjölskylduna og áhrif þess endurspeglast m.a. í vali á ódýrari gistingu. Erlendu ferðamennirnir eru flestir að ferðast um landið og afar fáir nefndu að þeir væru sérstaklega að ferðast til Skagafjarðar, heldur væru þeir á leið annað. Einn þriðji Íslendinga var hins vegar að koma sérstaklega til Skagafjarðar og nokkur hluti Þjóðverja og annarra ferðamanna frá meginlandi Evrópu nefndi sérstakan áhuga á héraðinu sem ástæðu fyrir komu. Þá er útivist nefnd sem meginástæða heimsóknar hjá um fimmtungi ferðamanna.

## Afþreying

Þegar í Skagafjörðinn er komið þá fer stór hluti ferðamanna í gönguferð, borðar á veitingastað, fer í söfn og heimsækir sögustaði og fer á hestbak. Heimsókn á söfn og sögustaði er vinsælasta afþreyingin meðal allra þjóðerna og almennt eru það í kringum 50% ferðamanna sem það gera. Gönguferðir fylgja fast á eftir í vinsældum og Bretar og Skandinavar fara í meira mæli á hestbak í Skagafirði en aðrar þjóðir en hins vegar virðist hlutfall þessara þjóðerna vera töluvert lægra en hlutfall þeirra á landsvísu.



Mynd 1. **Gengið um bæinn. Mynd: Hinir sömu sf.**

Þetta bendir því til þess að það sé mikilvægt fyrir skagfirska hestaferðaþjónustu að ná betur til þessa markhóps. Íslendingar eru þeir einu sem taka þátt í veiði að einhverju marki og má velta fyrir sér hvort áhugaleysi erlendra ferðamanna er vegna skorts á upplýsingum um þá fjölmörgu veiðimöguleika sem finnast í héraðinu.

## Matur

Ánægjulegt er að sjá að ferðamenn eru mjög áhugasamir um staðbundna matarmenningu og vilja gjarna að upplýsingum um hana sé miðlað til þeirra, t.d. með upplýsingum á matseðli. Margir vilja líka eiga möguleika á því að kaupa matvæli sem minjagripi.

## Gæði

Almennt er nokkur ánægja með upplifun ferðamanna af veru þeirra í Skagafirði. Einkum fær gestamóttaka góða einkunn og það sama gildir um gistingu, söfn og afþreyingu. Minjagripir, veitingastaðir og verslanir fá hins vegar oftar lakari einkunn. Munur á milli þjóðerna er ekki mikill en eftirtektarvert að ánægja Breta og Skandinava með gistingu og veitingastaði er áberandi lakari en annarra ferðamanna sem bendir til þess að þessi hópur geri ákveðnar kröfur til þessara þátta ferðaþjónustunnar.

## Aðdráttarafl

Þeir erlendu ferðamenn sem Skagafjörð sækja heim eru almennt fólk sem hefur áhuga á því að eyða fríinu sínu í dreifbýli og þar skipta möguleikar á gönguferðum miklu máli, sem og merktir stígar og góð upplýsingagjöf varðandi gönguleiðir. Þá eru atriði er lúta að náttúru og landslagi mjög hátt skrifuð og kyrrðin eftirsóknarverð að mati erlendra gesta okkar.

Ekki er mikill munur milli þjóðerna þó er áberandi að Þjóðverjar, sem eru stór hluti viðskiptavina skagfirskrar ferðaþjónustu, leggja mikið upp úr atriðum sem tengjast náttúrunni. Íslenskir ferðamenn leggja hins vegar meira upp úr aðstöðu, hreinlæti og gistingu.



Mynd 2. **Upplýsingamiðstöðin í Varmahlíð. Mynd: Hinir sömu sf.**

## Viðhorf fulltrúa ferðaþjónustunnar

Auk ofangreindrar viðhorfskönnunar var gerð svokölluð Delphi könnun meðal 18 aðila sem allir tengjast ferðaþjónustu utan héraðs sem innan og koma úr einkageiranum sem og opinbera geiranum. Markmiðið með Delphi könnunni var að greina hvað þarf að gera til þess að auka samkeppnishæfi Skagafjarðar sem áfangastaðar. Greinilegur mun reyndist vera á viðhorfum þeirra sem skipa einkageirann og þeirra sem vinna hjá hinu opinbera. Þannig töldu þeir síðarnefndu að sameiginleg stefnumótun og þjónustugæði væru þeir þættir sem myndu skipta mestu máli til þess að auka samkeppnishæfi. Hins vegar töldu þeir sem voru í ferðaþjónusturekstri að leggja þyrfti mun meiri áherslu á vöruþróun í afþreyingu og sérhæfingu í framboði og voru þar hestar og reiðmennska ofarlega á blaði.

# Gistimöguleikar í Skagafirði

**Framboð gistimöguleika er einn mikilvægasti þátturinn í þjónustu við ferðamenn og grunnur þess að unnt sé að tala um ferðaþjónustu sem atvinnugrein á tilteknum svæðum. Ferðamenn hafa misjafnar þarfir og því er brýnt að hvert svæði fyrir sig hafi mismunandi gistimöguleika upp á að bjóða.**

Verðið hefur mest áhrif við valið, þó eru fleiri þættir sem liggja til grundvallar. Staðsetning skiptir miklu máli, bæði vegna samgangna og nálægðar við afþreyingu. Þá vilja margir vera í persónulegra umhverfi þar sem þeim gefst kostur á að kynnast íbúum og menningu og tala við fólk, en það er oft ástæða þess að það kýs minni gistiheimili eða bændagistingu. Aðrir ferðamenn vilja meiri lúxus og velja því fremur hótelgistingu.

Hér að neðan verður farið yfir stöðuna á gistimöguleikum í Skagafirði en eftirtaldar upplýsingar eru byggðar á viðtölum við fólk í greininni, heimasíðum viðkomandi og heimasíðu Ferðaþjónustu bænda (FB).



Mynd 3 **Hótelherbergi á Hótel Tindastóli. Mynd: Hinir sömu sf.**

## Gistiframboð í Skagafirði

Gistiframboð í Skagafirði er talsvert en 24 staðir bjóða gistingu sem spannar frá þriggja stjörnu hótelum til tjaldsvæða. Á tímabili var jafnframt eitt farfuglaheimili rekið á sumrin en því hefur nú verið lokað. Gistimöguleikarnir skiptast á eftirfarandi hátt:

**Tafla 3:** Gistimöguleikar í Skagafirði

| | |
|---|---|
| Hótel | 3 |
| Gistiheimili | 8 |
| Ferðaþjónustubæir | 6 |
| Sumarhús | 2 |
| Sveitagisting/gisting á einkaheimili | 3 |
| Tjaldsvæði | 7 |
| **Alls** | **29** |

Sumir ferðaþjónustuaðilarnir reka bæði gistiheimili/bændagistingu og tjaldsvæði eða þá gistiheimili og sumarhús, þess vegna er fjöldi gistimöguleika hærri en fjöldi gististaða.

## Staðsetning ferðaþjónustu með gistingu

Talsverð dreifing er á gistimöguleikum um svæðið. Ef staðsetning gististaðanna 24 í Skagafirði er skoðuð eftir póstnúmerum kemur eftirfarandi dreifing í ljós:

**Tafla 4: Dreifing gistimöguleika um Skagafjörð**

| Póstnúmer | Hótel | Gistiheimili | Fþj.bænda | Sumarhús | Sv.g. - Einkah. | Tjaldsvæði. | Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 550 Sauðárkrókur | 2 | 2 | | | | 1 | 5 |
| 551 Sauðárkrókur | | | 2 | | | 1 | 3 |
| 560 Varmahlíð | 1 | 3 | 4 | 2 | 2 | 2 | 14 |
| 565 Hofsós | | 1 | | | 1 | 2 | 4 |
| 570 Fljót | | 2 | | | | 1 | 3 |
| **Alls** | **3** | **8** | **6** | **2** | **3** | **7** | **29** |

*Staðsetning og dreifing gististaðanna er sýnd á Mynd nr. 6.*

## Gistiflokkun

Hótelin eru í mismunandi **gæðaflokkum**: eitt er flokkað sem þriggja stjörnu hótel, eitt sem tveggja stjörnu hótel og eitt hefur flokkunina einn foss. Síðasttalda flokkunin byggir á kerfi sem hótel innan vébanda Fosshótela nota og svipar til stjörnuflokkunarinnar.

Gistimöguleikar innan **Ferðaþjónustu bænda** skiptast einnig í flokka. Í Skagafirði eru þrír bæir í flokki 1, einn bær í flokki 2 og einn í flokki 3. Auk þess flokkast einn aðili bæði í 2. og 3. flokk. Um gistiheimili, sumarhús, sveitagistingu, svefnpokapláss eða gistingu á einkaheimili gilda ekki flokkunarkerfi.

## Gistirými

Flest gistirýmin í boði eru tveggja manna herbergi en einnig bjóða gististaðir upp á eins, þriggja eða fjögurra manna herbergi svo og íbúðir, sumarhús eða smáhýsi.

Flest hótelin bjóða herbergi með baði þó herbergi án baðs þekkist líka. Innan FB eru tveir staðir í flokki 3 með herbergi með baði. Þá bjóða sum gistiheimilin slík herbergi t.d. á Hofsósi og Sauðárkróki. Í heild eru um eða yfir 600 gistirými í Skagafirði sem skiptast á milli gististaða á eftirfarandi hátt:

**Tafla 5:** Fjöldi og dreifing gistirýma

| Gististaður | Rúm, fjöldi |
|---|---|
| Hótel | 200 |
| Gistiheimili | 210-220 |
| Ferðaþjónusta bænda | 120-130 |
| Sumarhús | 30-40 |
| Sveitagisting/gisting á einkaheimili | 40-50 |
| **Alls** | **600-640** |




Kort 1. **Gististaðir í Skagafirði. Mynd: Hjalti Þórðarson.**

Í ofangreindum tölum er eingöngu átt við rúm, ekki aukadýnur. Þá eru ótalin svefnpokapláss í skólum og félagsheimilum sem ekki eru tekin hér með, svo og tjaldsvæðin í héraðinu sem rúma hundruð gesta. Félagsheimilin Árgarður, Melsgil og Skagasel hafa gistileyfi og einnig Varmahlíðarskóli.

## Ársverk og fjöldi starfsmanna við gistingu

Samkvæmt viðmælendum eru 40-50 ársverk í tengslum við gistingu og móttöku gesta í Skagafirði en á milli 110 og 120 manns vinna við þessa þjónustu á svæðinu. Til samanburðar má nefna að Hagstofa Íslands áætlar 1266 ársverk í gistiþjónustu árið 2004 fyrir landið allt. Flestir koma að vinnunni yfir sumartímann, þ.e. háannatímann, en aðrir (einkum eigendur) vinna við þetta allt árið um kring. Nánast allt sumarstarfsfólkið er sótt í heimahérað. Meðalheildarlaun starfsfólks í verslunar- og þjónustugeiranum utan höfuðborgarsvæðisins á þriðja ársfjórðungi 2004 var um 192 þúsund krónur á mánuði samkvæmt heimasíðu Hagstofu Íslands. Því má ætla að launatekjur í þessum geira í Skagafirði séu samtals á bilinu 92-115 milljónir króna á ári.



Mynd 4. **Gisting í Keldudal. Mynd: Hinir sömu sf.**

Að langmestu leyti er hér um að ræða starfsfólk sem sinnir gistingu og gestamóttöku en sumir ferðaþjónustuaðilar bjóða líka upp á veitingar og/eða afþreyingu. Meirihluti viðmælenda býður upp á morgunverð og margir upp á fjölbreyttari matseðil. Ýmis konar afþreying er í boði, s.s. sund, fjallgöngu, veiðileyfi, fljótasiglingar (rafting) og það sem algengast var; hestaferðir og hestasýningar.

Nánast allir viðmælendur eða 20 af 22 voru með netpóst og höfðu sitt eigið netfang. Þá voru flestir viðmælendur komnir með heimasíðu.

# Matartengd ferðaþjónusta

**Nýting staðbundinnar matvælaframleiðslu og matarhefða í ferðaþjónustu hefur aukist víða erlendis á undanförnum árum. Segja má að matur og matargerð sé í tísku í dag og aðilar í ferðaþjónustu jafnt sem yfirvöld ýmissa landa hafa séð í því tækifæri til þess að koma landi sínu og menningu á framfæri við ferðamenn.**

Hér á landi hefur þessi órjúfanlegi hluti ferðaþjónustunnar ekki verið markvisst nýttur nema að litlu leyti fram að þessu. Nú er vakning bæði innan ferðaþjónustunnar og hjá yfirvöldum til þess að nýta þennan þátt í menningu Íslendinga til kynningar á landinu og markaðsetningu í ferðaþjónustu.

Hugtakið „matarferðaþjónusta" eða culinary tourism er fremur nýlegt en segja má að verið sé að setja nafn á þjónustu sem hefur verið stunduð frá örófi alda í einhverri mynd. Ferðafólk þarf auðvitað að nærast en matarferðamennska gengur út á að njóta matar sem hluta aðdráttarafls áfangastaðarins. Hugtakið hefur ekki verið skilgreint opinberlega hér á landi og skiptar skoðanir eru raunar um það erlendis hvernig skilgreina beri matar-ferðaþjónustu, bæði meðal fræðimanna og leikmanna.

Spurningakönnun sem **ferðamáladeild Hólaskóla** vann í Skagafirði sumarið 2004 innihélt nokkrar matartengdar spurningar, þar sem leitast var við að kanna hug ferðamanna til íslenskrar matvælaframleiðslu og þá sérstaklega staðbundinnar framleiðslu. Niðurstöður þessarar könnunar benda ótvírætt til áhuga ferðamanna á því að upplifa menningu svæða í gegnum mat og matarhefðir.

Í spurningakönnunum Ferðamálaráðs (**www.ferdamalarad.is**) fyrir erlenda ferðamenn er spurt um ánægju ferðamannsins með matinn hérlendis og eftir landshlutum. Niðurstöður úr þeim könnunum sýna að ekki er mikill munur á ánægja með mat á höfuðborgar-svæðinu og landsbyggðinni og er ánægjan vel yfir meðallag eða yfirleitt 3,5 - 4 á einkunnarskalanum 0 til 5. Hins vegar eru erlendir ferðamenn almennt óánægðir með verðlag á matvælum

hérlendis. Kannanir Ferðamálaráðs segja ekkert til um áhuga ferðamanna á mat eða matarmenningu almennt.


Mynd 5. **Kjötvinnsla. Mynd: Hinir sömu sf.**

Nauðsynlegt er að fram fari rannsóknir á því hverjar óskir og væntingar ferðamanna eru í tengslum við mat á ferðalögum til þess að hægt sé að greina hvar tækifærin liggja á þessu sviði. Lítið er til af rannsóknum eða könnunum á hlut matar og matarmenningar í ferðaþjónustu hérlendis eða á óskum ferðamannsins varðandi þennan þátt í heildar- upplifun á ferðalaginu.

Segja má að stefnumótun ferðamályfirvalda hérlendis hafi tekið nokkuð mið af áhuga ferðafólks á matarferðamennsku. Árið 2002 kom út skýrsla á vegum Ferðamálaráðs sem ber heitið **Íslenska eldhúsið** og fjallaði um íslenskan mat og matarmenningu fyrr og nú. Þar voru einnig settar fram hugmyndir um markaðsetningu íslenskrar matargerðarlistar í ferðaþjónustu. Árið 2004 kom út forverkefnisskýrslan **Plokkfiskur** þar sem fjallað var um íslenska strandmenningu í ferðaþjónustu. Í þessari skýrslu er kafli um íslenska mat sem hluta af strandmenningu og hvernig hægt er að nýta þann hluta menningar okkar í markaðssetningu staða og sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn. **Iceland Naturally** er verkefni á vegum stjórnvalda sem miðar að því að markaðssetja íslenskan mat í Bandaríkjunum. Unnið er að sambærilegu verkefni fyrir Evrópumarkað. Þá má nefna **Food and Fun** hátíðina sem er samstarfsverkefni nokkurra opinberra aðila sem miðar m.a. að því að kynna íslenskt hráefni til matargerðar.

## Matvælaframleiðsla í Skagafirði

Skagafjörður er blómlegt landbúnaðarhérað og þar fer fram fjölbreytt matvælaframleiðsla og matvælavinnsla. Í firðinum eru einnig starfrækt stórt útgerðafélag, auk fjölmargra smærri. Stór rækjuverksmiðja er starfrækt á Sauðárkróki.



Mynd 6. KS súrmjólk í fremstu röð í heiminum. Mynd: Nýprent ehf.

### *Mjólkurframleiðsla*

Í Skagafirði eru 65 bú í mjólkurframleiðslu. Árið 2004 var mjólkurframleiðslan í Skagafirði um 10 og hálf miljón lítrar.

### *Kjötframleiðsla*

**Kindakjötsframleiðsla**: Í Skagafirði eru 175 sauðfjárbú (greiðslumarkshafar). Á árinu 2004 voru framleidd 621.018 kg af kindakjöti í Skagafirði, þar af 589.363 kg lambakjöt.
**Nautakjötsframleiðsla**: Í Skagafirði eru 96 bændur sem framleiða nautakjöt. Af þessum 96 eru 31 aðeins með kjötframleiðslu en 65 framleiða kjöt með mjólkurframleiðslu (nautakjöt og kýrkjöt).
**Hrossakjöt**: Hrossakjötsframleiðsla er aukaafurð hrossaræktar í Skagafirði.

### *Fiskur*

**Fiskiðjan Skagfirðingur hf** (Fisk seafood) er eina stóra fiskvinnslufyrirtækið í Skagafirði. Þar fer m.a. fram frysting, saltfiskverkun og hersla. Að auki eru starfrækt rúmlega 30 lítil útgerðarfélög eða smábátar í Skagafirði, þar á meðal eru nokkrir grásleppukarlar. Stór rækjuverksmiðja, **Dögun ehf**, er starfrækt á Sauðárkróki. **Hólalax hf** starfrækir bleikjueldi á Hólum í Hjaltadal og að Reykjum í Fljótum. Engin veiði eða sala á ferskvatnsfiski er stunduð í atvinnuskyni í Skagafirði en veiðileyfi eru seld í ýmis vötn (sjá kaflann um **afþreyingu**).

## Matvælafyrirtæki í Skagafirði

Átta matvælaframleiðslu- og matvælavinnslufyrirtæki eru starfrækt í Skagafirði. Um er að ræða fyrirtæki á sviði kjötvinnslu, fiskvinnslu, mjólkurvinnslu og bakarí.

## Veitingastaðir í Skagafirði

Alls eru 15 veitingastaðir í Skagafirði sem bjóða samtals 952 sæti (sjá dreifingu á **Mynd nr. 10**). Þá eru ekki tekin með sæti í félagsheimilum, íþróttahúsum eða skólum í héraðinu, en þessir staðir eru gjarnan nýttir undir stærri veislur.

Auk þessa bjóða 10-15 ferðaþjónustuaðilar upp á veitingar, t.d. morgunverð, en þar sem veitinga-þjónustan er lítill hluti af  starfseminni eru þessir staðir ekki taldir með hér.

## Þróunarmöguleikar veitingaþjónustu í Skagafirði

Skagafjörður býður upp á margvíslega möguleika til þróunar á matartengdri ferðaþjónustu. Skilyrði fyrir því að þróa slíka ferðaþjónustu í dreifbýli er að á svæðinu fari fram einhver matvælaframleiðsla og matvælavinnsla. Það þarf  að sjálfsögðu að vera ferðaþjónusta á svæðinu, ekki síst veitingastaðir, og verslun með matvæli er einnig æskileg til að skapa fjölbreytni og auka möguleika á vöruþróun á þessu sviði. Að auki er æskilegt að til séu heimildir um hefðir í matargerð frá viðkomandi svæði.

Mynd 7. **Merki verkefnisins Matarkistan Skagafjörður. Mynd: Nýprent ehf.**

Eins og fram hefur komið er Skagafjörður blómlegt landbúnaðarhérað og töluverð framleiðsla þar á hefðbundnum landbúnaðarvörum eins og mjólk og kjöti. Einnig er öflug útgerð, rækjuvinnsla og fiskeldi. Bakarí er á Sauðárkróki.

Ekki er framleitt hvítt kjöt í Skagafirði, þar er engin grænmetis-framleiðsla og engin framleiðsla á drykkjarvöru nema mjólk.

Mikið starf er enn óunnið varðandi söfnun og úrvinnsu heimilda um matargerð í Skagafirði.Til eru heimildir hér og þar í bókum og öðrum ritum og einnig má finna upplýsingar varðandi mat og matarhefðir í spurningakönnunum sem gerðar hafa verið á vegum **Þjóðminjasafnsins**. Þó má geta þess að eitt af  smáritum Byggðasafns Skagfirðinga heitir „Eldamennska í íslenska torfbænum“. Safnið hefur auk þess tekið saman heimildir og sýningu um kaffidrykkju og í veitingastofu Ásbúðar er hefðbundið kaffimeðlæti kynnt með bæklingi. Einn nemandi hjá ferðamáladeild Hólaskóla vinnur að verkefni sem gengur út á söfnun heimilda um skagfirska matarmenningu.

Framboð á veitingum er nokkuð fjölbreytt og hægt er að kaupa veitingar víða á svæðinu (sjá **kort nr. 2**). **Kaffihús** eru í Glaumbæ, á Sauðárkróki, og Hofsósi. **Söluskálar/sjoppur** með ódýrum mat er að finna á 4 stöðum í firðinum: í Varmahlíð, á Sauðárkróki, Hólum, Hofsósi og í Ketilási í Fljótum. **Veitingastaðir** eru í Varmahlíð, á Sauðárkróki, Hólum, Hofsósi og Höfðaströnd. Framboð og verð er nokkuð misjafnt eftir stöðum.




Kort 2. **Veitingastaðir í Skagafirði. Mynd: Hjalti Þórðarson.**

# Afþreying

**Afþreying í ferðaþjónustu er hér skilgreind sem tilboð til ferðafólks sem fela í sér upplifun til fræðslu og skemmtunar. Afþreying getur verið af ýmsum toga:**

- **Menningarferðaþjónusta** er ferðaþjónusta sem byggir á menningu í víðtækum skilningi sem aðdráttarafl fyrir gesti. Til menningar eru m.a. taldar minjar, listir, saga og hátíðir í héraði. Menningarferðaþjónusta felur í sér túlkun á menningu og menningarminjum. Almenningsfræðsla menningarstofnana, s.s. skólaheimsóknir, er hluti menningarferðaþjónustu.

- **Náttúrutengd ferðaþjónusta** varðar náttúruskoðun hvers konar og aðra afþreyingu þar sem náttúran er kjarni upplifunarinnar..Gönguferðir, fuglaskoðun, veiði og siglingar eru dæmi um slíkt. Ferðaþjónusta af þessu tagi kallar jafnframt oft á náttúrutúlkun, þ.e. miðlun upplýsinga og fræðslu um náttúruna.

- **Íþróttatengd ferðaþjónusta** er af tvennum toga. Annars vegar nýting ferðafólks á íþróttamannvirkjum og skipulögðum íþróttaviðburðum s.s. golf, sundi og skíðaaðstöðu. Hins vegar ævintýraferðamennska (action tourism), þ.e. iðkun íþrótta sem fela í sér átök við náttúruna, s.s. fjallahjólreiðar, flúðasiglingar og snjósleðaferðir, þar sem áherslan er á farartækið fremur en ákveðna aðstöðu til iðkunarinnar.

- **Hestatengd ferðaþjónusta** er hvers kyns þjónusta sem fyrirtæki eða einstaklingar veita ferðamönnum í tengslum við hesta. Þar má nefna hestaleigu og hestaferðir, en einnig hestasýningar, íþróttamót, stóðréttir og dagskrár eða sýningar um sögu og sérkenni íslenska hestsins.

Ofangreindir flokkar skarast talsvert innbyrðis. Til dæmis getur hestaferðaþjónusta falið í alla þessa flokka; stóðréttir eru hluti af menningu svæðisins, hestaferð kallar á náttúrutúlkun bæði á hestinum og umhverfinu og síðast en ekki síst hafa hestaíþróttir vaxandi aðdráttarafl.

Sá þekkingargrunnur sem afþreyingarferðaþjónustan byggir á er misjafn eftir flokkum. Menningartengd ferðaþjónusta býr að miklum rannsóknum á sögu og menningarminjum héraðsins á sviði sagnfræði, fornleifafræði, kristni og kirkjusögu, þjóðfræði auk bókmennta og sjónlista. Bæði er til töluvert útgefið efni og um þessar mundir eru nokkur stór rannsóknaverkefni í vinnslu s.s. Hólarannsóknin, saga biskupsstólanna, nýkomin er út bók um kirkjur í Skagafirði, húsakönnun stendur yfir og unnið er að ritun byggðasögu svo það helsta sé nefnt. Beinar rannsóknir á menningarferðaþjónustu eru þó fátíðar, en aðeins var vikið að þessu atriði í rannsókn á áfangastaðnum Skagafirði sem ferðamáladeild Hólaskóla stóð fyrir sumarið 2005.

Á sviði náttúrutengdrar ferðaþjónustu er byggt á rannsóknum á náttúrufari héraðsins, sem eiga sér langa sögu og nokkuð er til af útgefnu efni um. Rannsóknir á sviði ferðafræði með náttúrutengda ferðaþjónustu í Skagafirði sem viðfangsefni eru þó ekki til enn sem komið er og það sama má segja um ævintýraferðamennsku. Þó ber að geta þess að tvær úttektir hafa verið gerðar á efnahagslegum áhrifum flúðasiglinga. Hólaskóli hefur undanfarin ár staðið fyrir rannsókna og þróunarverkefni um hestaferðaþjónustu sem m.a. tekur til fyrirtækja í Skagafirði. Niðurstöður þess er m.a. að finna á vef ferðamáladeildar Hólaskóla.

Staðsetning fyrirtækja og stofnanna í Skagafirði sem bjóða upp á afþreyingu af einhverjum toga er sýnd á **Mynd nr. 20** (s. 30).

# Menningartengd ferðaþjónusta

**Á þessu sviði starfa fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem sameiginlega mynda þá auðlind sem nýtt er í menningartengdri ferðaþjónustu. Menningarstofnanir hafa það meginhlutverk að varðveita, rannsaka og/eða skapa menningarverðmæti auk þess að miðla þeim til gesta þ.m.t. ferðafólks. Ferðaþjónustufyrirtæki nýta sér menningarverðmæti í vöruþróun en mjög fá fyrirtæki einbeita sér þó að menningu sem aðdráttarafli fyrir gesti. Því er hér fjallað um nokkuð breiðan flokk stofnana og fyrirtækja.**

Ætla má að um 40 stöðugildi á þessu sviði í Skagafirði, en þá eru undanskilin störf við listgreinakennslu í skólum, svo og tilfallandi störf vegna hátíða og viðburða. Sé miðað við svipuð launakjör og í gistirekstri eru launatekjur í þessum geira því samtals um 92 milljónir á ári.

## Söfn

Samkvæmt opinberri skilgreiningu á hlutverki safna eru þau þjónustustofnanir sem ber að varðveita, rannsaka og miðla menningararfinum. Söfn mynda undirstöðu menningar-tengdrar ferðaþjónustu með því varðveita hráefnið í vöruþróunina; útgefið efni um sögu og sérkenni héraðsins, óbirt skjöl, myndir og muni sem hægt er að túlka, sýna og setja í samhengi til fróðleiks og skemmtunar fyrir almenning.

## Bókasöfn

Bókasöfnin eru upplýsingamiðstöðvar, sérstaklega varðandi aðgang að útgefnu efni um Skagafjörð sem ferðaþjónustan getur nýtt sér í vöruþróun. Jafnframt eru þau hluti af þeirri afþreyingu sem í boði er fyrir heimamenn og gesti.

Auk Héraðsbókasafns Skagfirðinga, sem sveitarfélögin hafa samstarf um rekstur á, teljast bókasöfn sem sjúkrastofnanir reka til almenningsbókasafna. Ennfremur er má líta á bókasöfn grunnskóla sem hluta almenningsbókasafns. Þá eiga ýmsar stofnanir bókasöfn, ber þar hæst Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Hólaskóla, Heilsustofnun og Byggðastofnun. Við bókasöfnin í héraðinu voru u.þ.b. 6 stöðugildi árið 2004.



Mynd 8. **Frá Glaumbæ. Mynd: Hinir sömu sf.**

## Byggðasafn

Byggðasafn Skagfirðinga hefur aðalstöðvar sínar í Glaumbæ. Sýningar safnsins eru þó víðar um héraðið, m.a. í Vesturfarasetrinu á Hofsósi og Minjahúsinu á Sauðárkróki, og eins tekur safnið þátt í sýningum með öðrum aðilum heima og erlendis. Má þar t.d. nefna samstarf safnsins við Verslun Haraldar Júlíussonar á Sauðárkróki um að verslunin sé rekin í þeirri mynd sem hún var um miðja 20. öld. Auk sýninga hefur safnið með höndum söfnun, skráningu og forvörslu, sinnir fræðslustarfi og rekur fornleifadeild. Fornleifarannsóknir fara fyrst og fremst fram í héraði en einnig hefur safnið verið fengið til að sinna fornleifaskráningu og taka þátt í rannsóknaverkefnum utan héraðs.

Starfsfólk í fullu starfi árið 2004 var 4 starfsmenn, auk 9 sumarstarfsmanna. Tæplega 23.000 gestir skráðu sig í gestabók í Glaumbæ sem er að mati safnstjóra vísbending um að gestir á safnsvæðinu þar hafa farið yfir 26 þúsund þar sem ákveðinn fjöldi gesta skráir sig ekki í gestabók. Þá eru ótaldar heimsóknir á aðrar sýningar safnsins.

## Skjalasafn

Héraðsskjalasafnið hefur það hlutverk að safna og varðveita skjöl er varða sögu héraðsins. Héraðsskjalasafnið tekur á móti opinberum skjalagögnum, einkagögnum og ljósmyndum frá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum. Auk rannsóknastarfa, s.s. að Byggðasögu Skagafjarðar, tekur skjalasafnið þátt í menningarlífinu með sýningum, útgáfustarfi, hagyrðingakvöldum og þátttöku í rannsóknar- og þróunarverkefnum með öðrum stofnunum.

Stöðugildi við skjalasafnið og byggðasögu Skagafjarðar eru að jafnaði 3, auk húsvörslu sem er um 75% starf.

## Listasafn

Listasafn Skagfirðinga er til húsa í Safnahúsinu á Sauðárkróki og er í umsjá forstöðumanns Safnahússins. Safnið á um 450 verk af ýmsu tagi, meirihluti verkanna er eftir listamenn sem tengjast Skagafirði. Safnið hefur sýningaraðstöðu í Safnahúsinu.

**Minjavörður Norðurlands vestra** er embætti á vegum Fornleifaverndar ríkisins og hefur aðsetur á Sauðárkrók. Minjavörður hefur umsjón með fornleifum á starfssvæði sínu og starfar með öðrum stofnunum og fyrirtækjum að varðveislu og kynningu á þeim.



Mynd 9. **Vestufarasetrið í Hofsósi. Mynd: Jakob Frímann**

## Setur og sýningar

Samkvæmt skilgreiningu hafa setur að jafnaði ekki skyldur í söfnun og varðveislu, en geta starfað að rannsóknum og miðlun. **Vesturfarasetrið á Hofsósi** er sjálfseignarstofnun rekin af Snorra Þorfinnssyni ehf. Markmið þess er að vera miðstöð samskipta íslendinga og fólks af íslenskum ættum í vesturheimi. Það stendur fyrir margskonar menningarsamskiptum, sögusýningum, námskeiðum, fyrirlestrum og listviðburðum sem varpa ljósi á sögu vesturferðanna og menningu vesturfara. Fjögur heilsársstöðugildi og sex sumarstarfsmenn voru við setrið árið 2004. Gestir voru þá 10-12.000.

Þá er að telja þrjú setur eða stofnanir, sem hafa ekki föst stöðugildi sem stendur en hafa þó starfssemi sem nýtist menningartengdri ferðaþjónustu. **Sögusetur Íslenska hestsins á Hólum** hefur útbúið nokkrar sýningar og vefsíðu með fróðleik um íslenska hestinn. **Guðbrandsstofnun á Hólum** er stofnun á vegum Hólaskóla, Háskóla Íslands og þjóðkirkjunnar. Markmið stofnunarinnar er að treysta þekkingu á sviði ýmissa fræðigreina, einkum guðfræði, sögu, bókmennta, fornleifafræði, siðfræði, prentlistar og prentsögu, kirkjulistar, tónlistar og myndlistar og að auki á sviði þeirra greina raunvísinda sem stundaðar eru bæði við Háskóla Íslands og Hólaskóla. Á vegum stofnunarinnar starfa gestafræðimenn. **Kolkuós ses** er sjálfseignar-stofnun með það að markmiði að varðveita og byggja upp sögu- og minjastaðinn Kolkuós með menningartengda og náttúruvæna ferðaþjónustu í huga. Fyrirhuguð verkefni tengjast sögu og staðháttum, þ.e. verslun, hrossarækt, skógrækt og fólkinu sem byggði staðinn.

**Sýningar og safnvísar** eru stofnanir sem standa ekki undir kröfum sem gerðar eru til umfangs starfssemi safna skv. safnalögum. Í Skagafirði eru tveir slíkir safnvísar:

**Samgöngusafn Norðurlands í Stóragerði** safnar og sýnir fornbíla og vélar frá síðustu öld sem tilheyra samgöngum og landbúnaði. Um það bil eitt stöðugildi er við safnið. **Reykjabær** hýsir munasafn Kristjáns heitins Jóhannssonar í bæ sem hann byggði í þeim tilgangi.

## Minjastaðir

Í Skagafirði er fjöldi minjastaða; þ.e. fornleifa, friðaðra húsa, menningar- og náttúruminja. Hér sérstaklega fjallað um þá staði, sem eru merktir eða hafa á annan hátt verið gerðir aðgengilegir ferðafólki. Auk þeirra er fjöldi staða friðlýstur og/eða þekktur sem minjastaður og má t.d. benda á greinargerð með tillögu að Aðalskipulagi Skagafjarðar 2004-2016 sem heimild.

Nokkrar kirkjur eru aðdráttarafl ferðafólks í Skagafirði. **Víðimýrarkirkja** er ein helsta torfkirkja landsins. Kirkjan tilheyrir húsasafni Þjóðminjasafns Íslands og þar starfar staðarvörður. Tillögur eru uppi um að tilnefna kirkjuna á heimsminjaskrá UNESCO og gert er ráð fyrir því í tillögum að aðaskipulagi. Gestafjöldi árið 2004 var á bilinu 8-10.000. **Bænhúsið í Gröf** er torfkirkja í hringlaga kirkjugarði og með elstu kirkjum landsins. Upplýsingaskilti er við bílastæði og merking við þjóðveginn. **Hóladómkirkja** er elsta steinkirkja landsins. Um 10.000 gestir heimsóttu kirkjuna á opnunartíma sumarið 2004, 400 grunnskólanemar komu í maí það ár og varlega áætlað má gera ráð fyrir um 1000 gestum í öðrum hópum utan hefðbundins opnunartíma. Þá eru ótaldir kirkjugestir við guðsþjónustur og tónleika.

Nokkrir sögu- og minjastaðir hafa verið merktir með upplýsingaskilti við þjóðveginn, og má þar nefna **Hegranesþing** (þingstaður Skagfirðinga í öndverðu, greinilegar rústir, merking við þjóðveg og upplýsingaskilti á staðnum), **Grafarós** (rústir kauptúns, upplýsingaskilti við veginn inná Hofsós), **Smábátahöfnina á Sauðárkrók** (upplýsingar um sögu hafnarinnar og einstaka atburði s.s. sjóslys) og **Keldudal** (forn grafreitur bæði úr heiðni og kristni). Þá eru minnisvarðar um skáld og listamenn af skagfirskum uppruna t.d. **Arnarstapi** á Vatnsskarði þar sem Stephans G.

Stephanssonar er minnst og minnisvarði um Sölva Helgason í **Lónkoti**. Þá er rétt að geta þess að **klukkuturninn við Hóladómkirkju** er minnisvarði um Jón Arason.

Í héraðinu eru nokkur örnefni og minjar sem tengjast ófriði og valdabaráttu fyrri tíma; virkishólar og ummerki um virki eru talin vera á **Hólum**, **Hofi**, Hafsteinsstöðum, Vík, **Víðimýri** og **Flugumýri** en einungis hluti þessara staða er merktur sem söguslaður með upplýsingaskilti.

Skagafjörður er ríkur af minjum um hina einstöku húsagerðarlist Íslendinga; torfbyggingar. Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands tilheyra tveir torfbæir í Skagafirði. **Nýibær á Hólum** torfbær frá 19. öld er til sýnis yfir sumarið. **Glaumbær** er stór torfbær sem hýsir aðalsýningu Byggðasafns Skagfirðinga. Á safnsvæðinu eru einnig Gilshús og Áshús, þar sem kaffiveitingar eru í boði. Skálarúst frá landnámstíma hefur nýlega fundist. Þá eru friðlýstar bæjardyr á **Reynistað** og **Stóru-Ökrum** en þar er einnig friðlýst þinghús. Auk þessara staða eru víða um héraðið uppistandandi meira og minna heilleg hús og jafnvel húsaþyrpingar. Tillögur hafa komið fram um að torfhús á Íslandi verði tilnefnd, jafnvel sem heild, á heimsminjaskrá UNESCO. Í því sambandi hefur t.d. verið bent á **Tyrfingstaði á Kjálka** sem minjar sem vert er að varðveita.



Mynd 10. **Pakkhúsið á Hofsósi. Mynd: Hinir sömu sf.**

Þá býr héraðið að því að hér er byggingasaga íslendinga sýnileg á afmörkuðu svæði, sem dæmi má nefna torfbæina, stokkahúsið **Pakkhúsið á Hofsósi**, Hóladómkirkju sem dæmi um steinhús frá 18. öld, frambæi víða um hérað og á Sauðárkrók og Hofsósi eru góð dæmi um bárujárnsveitser s.s. **Vesturfarasetrið**. Þá eru hér góð dæmi um skipulagsheildir s.s. **Hofsós**, þar sem hinir einstöku bæjarhlutar eru vel varðveittir og veita innsýn í þéttbýlismyndun.



Mynd 11. Hóladómkirkja. Mynd: Hinir sömu sf.

Fornleifarannsóknir hafa á undanförnum árum farið fram á kirkjurúst í **Neðra-Ási**, sem talin er með elstu kirkjum; **Hofi í Hjaltadal**, **Hólum**, **Glaumbæ**, **Kolkuósi**, og á stærri svæðum s.s. **Austurdal** og **Langholti**.

## Leiklist

Í Sveitarfélaginu Skagafirði starfa tvö áhugaleikfélög; **Leikfélag Hofsóss**, sem sýnir í Höfðaborg, setur að jafnaði upp eina sýningu á ári og **Leikfélag Sauðárkróks**, sem sýnir í Bifröst, setur að jafnaði upp tvær sýningar á ári, þar af aðra í Sæluviku. Auk þessa er leiklistarstarfsemi í skólunum, grunnskólarnir setja upp leiksýningar og dagskrár og sömuleiðis Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra. Þá má geta um ónefndan leikhóp á Hólum í Hjaltadal sem árlega sýnir dagskrá um Galdra-Loft á hverju föstudagskvöldi frá miðjum júní fram í ágústlok.



Mynd 12. Frá leiksýningu á Hofsósi. Mynd: Harpa Kristinsdóttir

Aðstaða til leiksýninga, þ.e. salur með sviði og búnings-aðstöðu, er í nokkrum félagsheimilum sem eru að meirihluta í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Félagsheimilin eru 9, dreifð um byggðirnar og hafa öll ágæta aðstöðu til samkomuhalds. Samkvæmt tölum frá húsvörðum má gera ráð fyrir að þau taki samtals 12-1300 manns í sæti á skemmtun með borðhaldi.

## Tónlist

Tónlistarskóli starfar á fjórum kennslustöðum, þ.e. Sauðárkróki, Hofsósi, Hólum og í Varmahlíð. Kórar með reglulega starfsemi eru að jafnaði þrír, auk kirkjukóranna, gospelkórs og barnakóra. Þá eru starfandi að jafnaði 3-4 danshljómsveitir í Skagafirði. Kóramót er jafnan haldið í **Sæluviku** og þá er einnig haldin **Dægurlagakeppni** sem vakið hefur athygli á landsvísu. Tónleikahald er snar þáttur í starfi Hólanefndar, en hún stendur fyrir tónleikum í **Hóladómkirkju** allt sumarið. Þá eru margskonar tónleikar haldnir í Miðgarði, Fjölbrautaskólanum og á veitingastöðum héraðsins. Tónlistarfélag Skagafjarðar er starfandi og heldur nokkra tónleika á ári.

Á veitingastöðum héraðsins er einnig boðið upp á tónlistarflutning (Ólafshús, Kaffi Krókur, Undir Byrðunni, Hótel Varmahlíð, Barinn).



Mynd 13. **Dægurlagakeppnin. Mynd: Hinir sömu sf.**

## Hátíðir

Nokkrar menningarhátíðir og mannfagnaðir eru árvissar í Skagafirði (sjá nánar viðauka 1). Er þar fyrst að nefna eina elstu héraðshátíð í landinu, Sæluviku Skagfirðinga, sem á rætur að rekja til sýslufundanna á 19. öld. Í sæluviku sem er síðla vetrar (í lok apríl) er dagskrá þar sem flestar listgreinar koma við sögu.

**Hólahátíð** er kirkjuleg hátíð sem Hólanefnd og vígslubiskup á Hólum boða til í ágústmánuði ár hvert. Hátíðarmessa, tónleikar og helgiganga eru meðal þess sem boðið er upp á. Hátíðin hefur undanfarin ár vakið athygli fjölmiðla vegna hátíðarræðunnar sem oft hefur vakið umræðu í kjölfarið. Stefnt er að því að gera þessa hátið aðgengilegri fyrir almenning til virkrar þátttöku, s.s. með pílagrímagöngum.



Mynd 14. Hafnardagur á Króknum. Mynd: Hinir sömu sf.

**Hafnardagur á Sauðárkróki** er sumarhátíð á hafnarsvæðinu og í miðbænum, en auk þess er haldið upp á **Sjómannadaginn** bæði á Hofsósi og Sauðárkróki. **17. júní** hátíðahöld eru með hefðbundnu sniði á 2-3 helstu þéttbýlisstöðum héraðsins. Jónsmessuhátíð á Hofsósi er orðin árviss og er þar um að ræða helgi með dagskrá fyrir alla fjölskylduna; útivist og leiki, dansleik og útimarkað. Landbúnaðarsýning var haldin haustið 2005 og mæltist vel fyrir þannig að fyrirhugað er að hún verði árviss.

**Stóðréttir** eru í september og byrjun október; Laufskálarétt, Staðarrétt. Þær eru fjölsóttar, einkum sú fyrrnefnda, og í tengslum við hana eru sýningar, markaður, sölusýningar á hrossum og svo réttadansleikir. Auk þessara tveggja eru stóð réttuð í Deildardalsrétt, Unadalsrétt, Mælifellsrétt, Skarðsrétt og Silfrastaðarétt. Þá eru fjárréttir á 10 stöðum í héraðinu.



Mynd 15. **Stóðréttir. Mynd: Hinir sömu sf.**

**Íþróttahátíðir** eru nokkrar s.s. **Króksmót** í knattspyrnu fyrir yngri flokkana, Molduxamót eldri körfuboltamanna, **Tekið til kostanna** í hestaíþróttum auk þess sem landsmót UMFÍ og hestamanna hafa verið haldin í Skagafirði. Skíðavika hefur ekki verið hefðbundin hátíð, en með uppbyggingu skíðasvæðis í Tindastól eru komnar forsendur fyrir henni. **Krókshlaup** hefur einnig verið haldið og Kvennahlaupið er jafnan fjölsótt.

Þá má einnig nefna það hér að **árshátíðir grunnskólanna og framhaldsskólans** eru viðburðir sem töluvert er lagt í, auglýstar almenningi og fjölsóttar, auk þess sem mikill áhugi er fyrir söngvakeppni framhaldsskólanna.

Þá eru hefðbundin hátíðahöld um áramót, en **þrettándinn** er líka haldinn hátíðlegur víða með brennu og þá eru gjarnan dansleikir og árvissir tónleikar Karlakórsins Heimis.

## Handverk og myndlist

Handverkshópurinn Alþýðulist hefur söluaðstöðu í Upplýsingamiðstöðinni í Varmahlíð og selur eingöngu verk eftir félagsmenn. Hópurinn hefur m.a. látið hanna lopapeysumynstrin „Undir bláhimni“ og „Undir gráhimni“. Handverkshópurinn Fléttan starfar á svæðinu út að austan og hefur látið hanna minjagripi sem komu í sölu 2005. Hópurinn hefur ekki fasta söluaðstöðu en selur á hátíðum og í ferðaþjónustufyrirtækjum.

**Listasafn Skagfirðinga** hefur sýningaraðstöðu í Safnahúsinu og sýnir verk núlifandi listamanna auk verka úr eigu safnsins, en sýningahald er ekki stöðugt árið um kring.

**Veitingahús** á svæðinu hafa einnig sýningar í sölum sínum og eitt fyrirtæki, Lónkot, hefur staðið fyrir uppbyggingu **höggmyndagarðs**.

## Alhliða menningartengd ferðaþjónusta

Hér eru talin fyrirtæki og stofnanir sem bjóða uppá almenna ferðaþjónustu s.s. gistingu og veitingar auk ýmiskonar afþreyingar, m.a. á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu.

**Ferðaþjónustan Lónkoti** hefur staðið fyrir myndlistarsýningum, fyrirlestrum og útgáfustarfsemi auk uppbyggingar höggmyndagarðs með verkum fjögurra listamanna sem unnin voru fyrir staðinn. Þar er minningu myndlistarmannsins Sölva Helgasonar sérstaklega haldið á lofti og sumarið 2005 verður haldið upp á 10 ára vígsluafmæli minnisvarðans um Sölva sem stendur í túninu. Þá er lögð áhersla á grjóthleðslur á landareigninni.

**Ferðaþjónustan Hólum** stendur fyrir menningardagskrám í samvinnu við Hólanefnd, Guðbrandsstofnun og fleiri aðila. Dagskráin Gengið til móts við Galdra-Loft er á hennar vegum öll föstudagskvöld að sumri til, einnig eru tónleikar, rímnakvöld, myndlistarsýningar, fræðslusýningar, fornleifarölt og fleira gert í nafni fræðandi ferðaþjónustu. Barnadagskrá er haldin á þriðjudögum. Boðið er upp á staðarleiðsögn fyrir skólahópa. Margir ferðamenn skoða Hóladómkirkju, Nýjabæ og fornleifauppgröftinn.

**Ferðaþjónustan Bakkaflöt** býður fræðslu og skemmtiferðir fyrir skólahópa.

**Fræðslusetrið á Löngumýri** starfar á vegum Þjóðkirkjunnar. Markmiðið er að efla kirkjulegt starf og auka áhrif kristinnar trúar og menningar í íslensku þjóðlífi. Starfsemin byggir á námskeiðahaldi, sumarbúðum og orlofsdvöl fyrir eldri borgara, fundum og kristilegum samverum, auk fjölda annarra viðburða sem í boði eru.

# Náttúrutengd ferðaþjónusta

**Náttúrutengd ferðaþjónustu leggur mikla áherslu á fræðslu og umhverfistúlkun. Bein upplifun af náttúrunni er lykilatriði. Sem dæmi um náttúrutengda ferðaþjónustu mætti nefna gönguferðir, fuglaskoðun, og bátsferðir í Drangey. Einnig má nefna ferðir sem tengja saman heimsóknir á náttúrugripasýningar og -söfn. Mikilvægur samstarfsaðili í náttúrutengdri ferðaþjónustu í Skagafirði er Náttúrustofa Norðurlands vestra á Sauðárkróki.**

Í Skagafirði er eitt friðland, Miklavatn og á Náttúruverndaráætlun 2004-2008, sem samþykkt hefur verið af Alþingi er tillaga um að gera Austara-Eylendið að friðlandi. Friðlandið Miklavatn var friðlýst 1977 og er votlendi með miklu fuglalífi. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. maí til 1. júlí.

Á þessu svæði er mjög fjölbreytt fuglalíf, sem hægt er að nýta til að laða að ferðamenn. Allmörg svæði eru á náttúruminjaskrá eða eru flokkaðar sem náttúruminjar í Skagafirði. Í ósamþykktu aðalskipulagi Skagafjarðar 2004–2016 eru þessar minjar taldar upp í kafla 2.8 um minjar og vernd.

Reynsla af friðlöndum og þjóðgörðum hérlendis, t.d. friðlandið við Ingólfshöfði í Öræfasveit og þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum, sýnir að náttúruminjar hafa mikið aðdráttarafl í ferðaþjónustu, en þá þarf að vera til staðar virk kynning og gott aðgengi samfara verndun til að hægt sé að nýta þessi staði í ferðaþjónustu.

## Fuglaskoðun

**Náttúrustofa Norðurlands vestra** býður upp á fuglaskoðunarferð að vori. Stofan hefur merkt helstu fuglaskoðunarstaði í héraðinu og gefið út bækling með texta bæði á íslensku og ensku þar sem staðsetningar fuglaskilta eru sýndar ásamt því að gerð er grein fyrir helstu tegundum fugla á viðkomandi svæðum. Í skoðunarferðum út í **Drangey** er lögð áhersla á fuglaskoðun.



Mynd 16. **Fugl. Mynd: Hinir sömu sf.**

## Gönguferðir

**Ferðafélag Skagafjarðar** býður upp á skipulagðar gönguferðir að sumarlagi og rekur auk þess fjóra fjallaskála. Ferðaþjónustan á **Hólum** er með gönguferð upp í Gvendarskál sem blandar náttúruskoðun og sögufræðslu saman. Ekkert ferðaþjónustufyrirtæki í Skagafirði gerir sérstaklega út á gönguferðir. Gönguleiðakort er til fyrir vesturhluta Skagafjarðar, einnig er til kort af miðhluta Tröllaskaga og fleiri kort eru í vinnslu. Rétt er að benda á að sumar gönguleiðir hafa menningarsögulegt gildi sem gamlar þjóðleiðir eða pílagrímaleiðir.

## Náttúrugripasöfn og -sýningar

**Náttúrugripasafn** er staðsett í Varmahlíðarskóla, en aðgengi að því utan skólatíma er lítið og þar er engin starfsemi eins og er. Vatnalífssýning, þ.e. sýning á lífríki ferskvatns, er starfrækt á vegum **Hólaskóla** á sumrin. **Náttúrustofa Norðurlands vestra** stendur að fyrirlestraröð ásamt embætti minjavarðar og að merkingum á náttúruvættum, auk fræðslustarfs með vettvangsferðum og þátttöku í ýmsum viðburðum.

## Siglingar

Tvö fyrirtæki hafa gert út á siglingar á Skagafirði, einkum þá út í **Drangey** eða **Málmey**. Siglt er annaðhvort frá Hofsósi eða Sauðárkróki. Ýmist er boðið upp á landgöngu í eyjunum eða siglingu umhverfis þær. Boðið er upp á leiðsögn í ferðunum og einnig sjóstangveiði. Ekki er föst áætlun út í eyjarnar heldur siglt eftir pöntun. Drangey ásamt Kerlingu er á **Náttúruminjaskrá**.

## Veiði í ám og vötnum

Veiðimöguleikar í Skagafjarðasýslu eru fjölbreyttir og veiðileyfi seld í hátt í 30 vötnum og um 20 ám. Flesta veiðimöguleika er að finna úti á Skaga. Dreifingin er annars nokkuð jöfn yfir sýsluna, en aðeins minna er þó við eða á hálendinu.

Algengast er að landeigendur selji veiðileyfi í á eða vötn á sínu og/eða nágrannalandi og er oftast gefinn upp heimasími á bæjunum fyrir upplýsingar og pantanir. Sumar ár eða vötn eru leigð út til einstaklinga, veiðifélaga eða fyrirtækja sem selja veiðileyfin, eða nýta þau á eigin vegum.

Veiðitímabilið er aðallega frá því í byrjun eða um miðjan júní og út ágúst. Gisting tengd veiði er mismikil en þó er nokkuð um veiðihús á svæðinu sem samtals bjóða upp á um 62 svefnpláss.

Sumstaðar er hægt að fá upplýsingar um bestu veiðistaði þegar veiðileyfi er keypt. Mest veiðist af urriða og bleikju. Athyglisverð tenging við við menningartengda ferðaþjónustu er að talsvert er um þjóðtrú tengda vötnum í Skagafirði, s.s. álagavötn.

Það er ljóst að mikil fjölbreytni er í veiðimöguleikum en hins vegar vantar töluvert upp á að upplýsingar séu aðgengilegar fyrir hinn almenna ferðamann.

# Íþróttatengd ferðaþjónusta

**Það eru bæði einkaaðilar og þó sérstaklega sveitarfélagið sem standa að uppbyggingu aðstöðu til íþróttaiðkunar. Aðstaðan er svo forsenda fyrir því að ferðafólk geti nýtt sér þessa afþreyingu, bæði á skipulögðum íþróttaviðburðum og á eigin vegum.**

## Skíði

Skíðasvæðið liggur í Ytridal í vestanverðum Tindastól og er í 15 km fjarlægð frá Sauðárkróki. Lyftan er diskalyfta og byrjar í 445 m hæð og liggur upp í 690 m hæð yfir sjó. Svæðið er fjölbreytt og hentar bæði byrjendum og lengra komnum.

Sérstakt svæði er fyrir gönguskíði og einnig eru gil sem henta vel fyrir skíðabretti.
Skíðadeildin rekur litla skála á svæðinu sem bjóða m.a. upp á kaffi, kakó og bakkelsi. Þar er einnig skíðaleiga með svigskíðum, gönguskíðum og brettum af ýmsum stærðum. Boðið er upp á skíðakennslu og svæðið er nýtt til mótahalds og æfinga skíðaíþróttafólks, m.a. karlalandsliðsins haustið 2005.

Mikið er um að vera þegar nægur snjór er á skíðasvæðinu á Tindastóli. Flestir gestanna eru heimamenn en sífellt fleiri íslenskir ferðamenn annars staðar frá koma þó á hverju ári. Áætlunarferðir eru ekki í boði á milli Sauðárkróks og skíðasvæðisins, en suma daga fer rúta með skólakrakka á skíðasvæðið.

## Sund

Fimm sundlaugar eru Skagafirði og bjóða þær ekki bara vinsæla, ódýra og aðgengilega afþreyingu fyrir Skagfirðinga, heldur eru þær einnig góð viðbót við þjónustu fyrir ferðamenn. Í Varmahlíð og á Sauðárkróki eru opinberar sundlaugar sem eru opnar allt árið um kring. Hinar laugarnar eru með fastan opnunartíma yfir sumartímann, en að vetri til eru þær opnar eftir samkomulagi og þá einkum fyrir skólasund.

Sundlaugarnar á Hólum, Sólgörðum og á Steinstöðum eru 16,33 m langar og heitur pottur er á hverjum stað. Fyrir utan laugina á Sauðárkróki eru allar laugarnar fremur heitar (28-34 °C), svo að þægilegt er að dvelja lengi í þeim og er það þannig einnig hentugt fyrir lítil börn. Í Sólgörðum er einnig ljósabekkur.


Mynd 17. Slakað á í heitum potti. Mynd: Jakob Frímanns

Sundlaugin í Varmahlíð er 25 m löng, þar er líka barnalaug og heitur pottur. Barnalaugin er um 35° heit og með rennibraut. Gufubað (sauna) er einnig á staðnum en misjafnt hvort og hvenær það er opið. Á Sauðárkróki er 25 m laug, gufubað og tveir heitir pottar. Allar sundlaugarnar í héraðinu eru frekar einfaldar og takmörkuð uppbygging á vatnsleikjaaðstöðu.

Þrjár náttúrulaugar eru í Skagafirði, þ.e. Biskupslaugin við Reyki í Hjaltadal, Grettislaug á Reykjaströnd og Laugafell á miðhálendinu. Lágmarks aðstaða er til fataskipta við Grettislaug, ásamt salernum, og er laugin hreinsuð með ákveðnu millibili. Engin aðstaða er við Biskupslaug. Ekki eru til tölur um fjölda gesta í þessum laugum en náttúrulaugar hafa jafnan ríkt aðdráttarafl fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn.


Mynd 18. **Golf. Mynd: Hinir sömu sf.**

## Golfvellir

Tveir níu holu golfvellir eru í sveitarfélaginu, á Sauðárkróki

og í Lónkoti, og eru báðir opnir meðan bjart er yfir sumarið. Á báðum stöðum er einnig veitingarekstur. Golfkennari frá Golfsambandi Sauðárkróks býður upp á ýmis námskeið á golfvellinum á Sauðárkróki á sumrin og þar er líka boðið upp á æfingar fyrir unglinga á virkum dögum. Kúluvél er einnig á svæðinu og er hún opin frá kl. 9-21 á virkum dögum og kl. 11-17 um helgar.

# Ævintýraferðamennska

**Með ævintýraferðamennsku er átt við íþróttir eða afþreyingu sem fela í sér ákveðnu áhættu og spennu, gjarnan í glímu við náttúruöflin. Farartækið skiptir hér oft miklu máli en þó skiptir enn meira máli að til staðar sé landslag, náttúruauðlind sem þarf að takast á við.**

Önnur dæmi um slíka afþreyingu en hér eru talin upp, eru t.d. klettaklifur, að síga eða stökkva niður fossa og flúðir, fara á fjalla- og gönguskíði o.fl. Yfirleitt er ekki um uppbyggingu á sérstakri aðstöðu að ræða fyrir íþróttina sjálfa, heldur eru ákveðin fyrirbæri í náttúrunni nýtt. Ævintýraferðamennsku einkennir því návígi við náttúruna og náttúruöflin gegna þar þýðingamiklu hlutverki í upplifun ferðamannsins.



Mynd 3. **Göngufólk. Mynd: Jakob Frímann**

## Jeppaferðir

Eitt jeppaferðafyrirtæki er í Skagafirði sem býður upp á ferðir bæði innan Skagafjarðar og utan og bæði að sumar- og vetrarlagi.

## Flúðasiglingar

Tvö fyrirtæki bjóða flúðasiglingar í Skagafirði, á Austari og Vestari Jökulsá og á Héraðsvötnum. Í flúða-siglingum er m.a. lögð áhersla á að upplifa gljúfrin sem siglt er niður, jarðfræði þeirra og landslag. Jökulsárnar eru ótvírætt á meðal bestu fljótasiglingaáa á landinu. Siglingatíminn er almennt frá maí og fram í september, en það getur þó verið misjafnt eftir veðri og vatnsmagni í ám. Fjöldi skóla- og vinnuhópa sækja þessa ferðir í maí og september og yfir sumarið hefur hlutfall Íslendinga aukist á undanförnum árum og nálgast nú 50%. Í kringum 3000 ferðamenn koma í flúðasiglingar árlega.



Mynd 3. **Rafting. Mynd: Ævintýraferðir**

# Hestatengd ferðaþjónusta

**Skagafjörður hefur löngum verið þekktur fyrir hrossarækt og hestamennsku. Ímynd svæðisins er í hugum margra nátengd hestamennsku og því er rík ástæða til að horfa sérstaklega á Skagafjörð með tilliti til nýtingar hestsins í þjónustu við ferðamenn.**

Lengst af hefur megináhersla verið lögð á ræktun, tamningar, þjálfun og sölu hrossa en í seinni tíð hefur hestatengd ferðaþjónusta bæst við sem ein leið til öflunar tekna af hestinum. Gróflega má flokka hestatengda ferðaþjónustu í hestaleigu, lengri hestaferðir, reiðkennslu og aðra hestatengda ferðaþjónustu. Umdeilanlegt er þó hvort reiðnámskeið skuli teljast hluti ferðaþjónustu. Misjafnt er hversu mikil starfsemi er hjá þeim fyrirtækjum í Skagafirði sem bjóða slíka þjónustu.

## Hestaleiga og hestaferðir

Til hestaleigu teljast hér fyrirtæki sem bjóða upp á þjónustu þar sem gestir ferðast á hestum að hámarki einn dag. Slík þjónusta getur verið breytileg, allt frá teymingu undir börnum, upp í dagsferðir. Algengast er að boðið sé upp á eins eða tveggja tíma reiðtúra með leiðsögn, ýmist fyrir gesti og gangandi eða fyrir gesti sem jafnframt kaupa aðra þjónustu hjá fyrirtækinu. Framboð slíkrar þjónustu í Skagafirði er nokkuð fjölbreytt og eru að jafnaði 4 - 5 fyrirtæki sem bjóða upp á slíka þjónustu og þar með upp á ferðir víða um Skagafjörð.

Lengri hestaferðir eru þær ferðir sem taka lengri tíma en einn sólarhring. Aðilar sem bjóða slíka þjónustu í firðinum eru þrír til fjórir en algengt er að sama fyrirtæki bjóði bæði upp á hestaleigu og lengri ferðir og oft á tíðum fjölþættari þjónustu, svo sem gistingu eða reiðkennslu.

Ákveðinn hluti hestaferðafyrirtækja í Skagafirði hefur starfað um langt árabil en nokkuð er um að fyrirtæki hefji starfsemi og séu starfrækt um skamma hríð. Umfang og stærð fyrirtækja er nokkuð misjafnt en dæmi eru um að verktakar taki að sér ákveðna verkþætti við þjónustu ferðamanna s.s. að leggja til hestakost og annast rekstur hrossa í lengri ferðum.

Auk fyrirtækja sem gera út á lengri og skemmri ferðir með ferðamenn eru nokkrir aðilar í Skagafirði sem bjóða upp á stutta reiðtúra, sem og eina og eina langa hestaferð yfir sumarið, oft í tengslum við önnur viðskipti með hross, án þess að umræddar ferðir séu markaðssettar sérstaklega fyrir ferðamenn.

## Reiðnámskeið

Námskeið og fræðsla af ýmsu tagi er í boði í Skagafirði og hafa sumir hestaferðaþjónustuaðilar boðið upp á námskeið. Algengust eru námskeið fyrir börn og unglinga en einnig eru dæmi um námskeið fyrir fullorðna. Reiðþjálfun fyrir fatlaða hefur verið starfrækt í reiðhöllinni Svaðastöðum um nokkurra ára skeið, fyrst og fremst fyrir heimafólk.

## Önnur hestatengd ferðaþjónusta

Hugtakið hestatengd ferðaþjónusta enn sem komið er ekki verið skilgreint opinberlega en almennt má segja að undir það falli hvers konar þjónusta sem fyrirtæki eða einstaklingar veita ferðamönnum í tenglsum við hesta, hvort sem um er að ræða þjónustu sem tengist hestinum sjálfum, sögu hans, ímynd, afurðum eða þætti hans í menningar- og atvinnusögu þjóðarinnar.

Margvíslegir viðburðir og þjónusta eru í boði í Skagafirði sem fallið getur undir þessa skilgreiningu og má þar nefna eftirfarandi þætti:

**Lifandi hestasýningar** fyrir ferðamenn hafa verið meðal



Mynd 21. **Hestar.**



Mynd 22. **Tekið til kostanna. Mynd: Hinir sömu sf.**



Mynd 23. **Frá Landsmóti hestamanna. Mynd: Hinir sömu sf.**

þeirrar afþeyingar sem boðið hefur verið upp á í Skagafirði um árabil, bæði í reiðhöllinni Svaðastöðum og víðar um fjörðinn. Hafa sýningarnar verið settar upp fyrir stærri hópa. Felast sýningarnar m.a. í að sýndar eru gangtegundir og fjölbreytileiki íslenska hestsins.

**Tekið til kostanna** er heiti á lifandi sýningu sem haldin hefur verið í apríl í reiðhöllinni Svaðastöðum um nokkurra ára skeið. Árið 2005 var sá viðburður fyrst markaðssettur erlendis. Einnig hefur verið sett saman hestatengd dagskrá í Skagafirði sem spannar fjóra daga. Þar er boðið upp á fjölbreytta dagskrá, s.s. kennslusýningar, kynbótasýningar, opna daga á hrossaræktarbúum, markaðsdag og fleira. Þessi viðburður er haldinn á vegum Flugu, Hrossaræktarsambands Skagafjarðar, Leiðbeiningamiðstöðvarinnar og Hólaskóla.

**Landsmót hestamanna** hafa um langt skeið verið haldin á Vindheimamelum í Skagafirði, ýmist eða á Melgerðismelum í Eyjafirði eða á Hellu á Rangárvöllum. Síðast var landsmót haldið á Vindheimamelum árið 2002 en næsta landsmót sem haldið verður árið 2006 mun einnig verða haldið þar.

**Aðrar sýningar og keppnir** eru einnig nokkuð algengar í héraðinu og draga þær oft á tíðum til sín nokkuð af gestum, sérstaklega innlendum hestaáhugamönnum.

**Hrossaréttir** í Skagafirði draga ár hvert til sín fjölda gesta. Laufskálarétt er þar stærst en fleiri réttir svo sem Skarðarétt og Staðarrétt eru fjölsóttar.

**Sitthvað fleira** mætti einnig telja til sem hestatengda ferðaþjónustu þó því verði ekki gerð ýtarlega skil hér. Þar má nefna þætti eins og sölu minjagripa úr afurðum hestsins og gripa með myndum af hestum sem og margvíslega þjónustu sem veitt er þeim sem ferðast á hestum hvort sem er á eigin vegum eða með hestaferðafyrirtækjum.

## Umfang hestatengdrar ferðaþjónustu í Skagafirði

Erfitt er að fullyrða um umfang hestatengdrar ferðaþjónustu í Skagafirði sem og á landsvísu. Skortur á skráningu hagstærða er þröskuldur í því sambandi. Miðað við upplýsingar úr samtölum við rekstraraðila má gera ráð fyrir að fjöldi gesta í dagsferðir eða styttri ferðir í Skagafirði árið 2004 hafi verið um 3.500. Fjöldi gesta sem fór í lengri ferðir á vegum skagfirskra fyrirtækja á árinu voru um 340 miðað við upplýsingar frá rekstraraðilum. Allmikill fjöldi sótti einnig námskeið af ýmsu tagi.

Bein velta Landsmóts hestamanna árið 2002 var um 70 milljónir en gestir voru um 9000. Þar eru ótalin margfeldisárhrif viðburðarins á sölu á þjónustu og vörum í héraðinu. Fjöldi gesta á kvöldsýningar Tekið til kostanna árið 2005 var á bilinu 900-1000. Fjöldi gesta á lifandi hestasýningar sem haldnar eru sérstaklega fyrir ferðamenn var um 2300 sumarið 2004. Ekki er mögulegt að fullyrða um umfang annarrar hestatengdrar þjónustu í héraðinu án frekari rannsókna.

Erfitt er að segja til um fjölda ársverka í þessum geira ferðaþjónustunnar m.a. vegna þess að starfsemin er oft á tíðum hluti annarrar atvinnustarfsemi. Áætla má að heildarársverk í hestaferðum, hestaleigu, sýningum fyrir ferðamenn og reiðnámskeiðum sé um 14 -15 sem aftur samsvarar um 35 milljónum króna í heildarlaun. Þar eru þó ótalin störf við reiðkennslu í skólum svo sem við Hólaskóla og Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra sem og störf við hestatengt handverk, keppnir og sýningar aðrar en þær sem settar eru upp fyrir ferðamenn og sitthvað fleira.

## Reiðleiðir og aðgengi

Sjá umfjöllun í kaflanum **Samgöngur.**

## Leyfisveitingar

Nokkur misbrestur hefur því verið á landsvísu á að hestaleigur og hestaferðafyrirtæki hefðu leyfi fyrir sínum rekstri en greinarmunur er gerður á hvort um er að ræða ferðir sem eru lengri en einn dagur eða ekki. Nokkrar breytingar urðu á reglum um leyfismál í janúar 2005 og eru rekstraraðilar enn að aðlagast þeim. Öllum aðilum sem bjóða hestaleigu eða lengri ferðir er skylt að hafa starfsleyfi frá heilbrigðiseftirlit en aðilar sem skipuleggja ferðir sem spanna meira en einn dag er auk þess skylt að hafa leyfi Samgönguráðuneytis sem ferðaskipuleggjendur. Lauslega úttekt leiddi í ljós að langflestir rekstraraðilar í Skagafirði hefðu tilskilin leyfi fyrir sinni hestatengdu starfsemi samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum.

## Aðstaða og mannvirki til hestamennsku

Hentugar reiðleiðir eru grunnforsenda fyrir öflugri hestaferðaþjónustu. Önnur aðstaða og mannvirki til iðkunar hestamennsku eru einnig mikilvæg og renna sterkari stoðum undir viðburði og starfsemi í tengslum við hestinn. Á Sauðárkróki er staðsett reiðhöllin Svaðastaðir sem er 2600m2 að flatarmáli grunnflatar. Hún er einangruð, upplýst og rúmar um 500 manns í sæti. Á Hólum í Hjaltadal eru tvö reiðkennsluhús sem fyrst og fremst eru nýtt í skólastarf þar. Allmargir aðilar hafa auk þess á eigin vegum komið sér upp aðstöðu til að vinna með hesta innandyra.

Góðir keppnisvellir eru forsenda fagmennsku í keppnum og sýningum, en í Skagafirði eru keppnisvellir á Vindheimamelum, Hólum, Sauðárkróki og Hofsósi. Í Torfgarði og á félagssvæði hestamanna á Sauðárkróki eru félagsheimili hestamanna.



Mynd 24. **Stóðréttir.**

## Opnunartímar hestaleiga og hestaferðafyrirtækja

Opnunartími hestaleiga og hestaferðafyrirtækja í Skagafirði er nokkuð misjafn. Öll fyrirtækin eru starfrækt yfir sumartímann en aðeins fá þeirra bjóða þjónustu að vetrarlagi. Nokkuð er þó um að boðið sé upp á stutta reiðtúra að vori og hausti.

Eftir óformleg samtöl við rekstraraðila er tvennt sem vekur athygli varðandi opnunartíma hestaleiga og hestaferðafyrirtækja. Annars vegar er að áhugi virðist vera fyrir hendi á að lengja starfstímabilið með því að bjóða upp á aukna þjónustu utan háannatíma. Hins vegar má nefna að í sumum tilfellum er opnunartími ekki skýrt afmarkaður þannig að einhver fyrirtæki bjóða upp á þjónustu sé þess óskað en eru ekki að markaðssetja sig á markvissan hátt utan háannar.

## Rannsóknir og þróun

Almennt er talið að rekstur hestaferðaþjónustu í því formi sem þekkt er í dag, hafi hafist í kringum 1970. Á þeim tíma hófu fyrstu hestaleigur og hestaferðafyrirtæki starfsemi, þar á meðal fyrirtæki í Skagafirði. Lítið hefur verið um rannsóknir og þróunarstarf á þessum vettvangi enn sem komið er, en rekstraraðilar hafa mótað og þróað sína starfsemi smátt og smátt.

Helstu rannsóknir á sviði hestaferðaþjónustu hér á landi hafa verið framkvæmdar af ferðamáladeild Hólaskóla. Unnar hafa verið kannanir á rekstri og rekstrarumhverfi hestaleiga og hestaferðafyrirtækja á landsvísu, auk þess sem framkvæmd hefur verið rannsókn á viðhorfum og væntingum viðskiptavina.

Opinbert starf sem miðar að þróun og framförum í greininni hefur fyrst og fremst falist í því að móta lagalegt umhverfi og gera reglur um leyfisveitingar skýrari og hefur nokkuð áunnist á því sviði. Við ferðamáladeild hefur verið boðið upp á námskeið fyrir hestaferðaþjónustuaðila auk þess sem boðið er upp á sérstakan áfanga í BA námi í ferðamálafræði, sem fjallar sérstaklega um hestatengda ferðaþjónustu. Kennsluefni fyrir þann áfanga hefur verið ritað á vegum deildarinnar og mun það efni verða gert aðgengilegt fyrir rekstraraðila og starfsmenn hestaleiga og hestaferðafyrirtækja, sem leiðbeinandi efni á sviði rekstrar hestaleiga og hestaferðafyrirtækja.




Kort 3. **Afþreyingarferðaþjónusta í Skagafirði. Mynd: Hjalti Þórðarson.**

# Samgöngur

**Samgöngur eru ein af grunninnviðum í ferðaþjónustu. Greitt aðgengi að áfangastað er mikilvægt og innan áfangastaðar skiptir einnig miklu að komast leiðar sinnar á sem skjótastan og öruggastan máta. Í vissum tilvikum getur þó verið æskilegt að samgönguleiðir séu ekki greiðar bílum. Þetta á að sjálfsögðu við um reið- og gönguleiðir, þar eiga samgöngur að miðast við hesta eða fólk, en ekki vélknúin ökutæki.**

Skagafjörður liggur í þjóðbraut, þar sem hringvegurinn liggur í gegnum sveitarfélagið, og því eru greiðar bílsamgöngur inn á áfangastaðinn. Einnig er flogið til Sauðárkróks og áætlunarbílar koma við í Varmahlíð. Innan Skagafjarðar eru einnig starfræktir áætlunarbílar sem tengja Sauðárkrók og Varmahlíð, auk flugrútunnar sem tengir Siglufjörð við flugvöllinn á Sauðárkróki.

Við gerð þessa kafla var reynt að safna saman tölulegum upplýsingum um fjölda farþega sem koma með áætlunarbílum og flugi. Ekki var hægt að fá upplýsingar um fjölda farþega sem koma með áætlunarbílnum, þ.e. þeirra sem fara út í Varmahlið á leið til Akureyrar eða Reykjavíkur. Virðist sem þær upplýsingar liggi ekki fyrir.

Í þessum kafla verður sett fram stutt lýsing á aðstæðum í samgöngum í dag. Fjallað er um akvegi, reiðleiðir, flug og almenningssamgöngur. Gönguleiðir eru ekki teknar fyrir hér, þótt ítrekað sé að þær falla einnig undir samgöngur, a.m.k. fyrir ferðamenn.

## Akvegir

Þjóðvegur nr. 1, hringvegurinn, liggur í gegnum Skagafjörð og er það aðalakvegurinn inn í héraðið. Einnig er góður vegur um Þverárfjall sem styttir leiðina frá Sauðárkróki til Blönduóss. Akvegur með bundnu slitlagi er út á Tröllaskaga, til Siglufjarðar. Malarvegur liggur um Lágheiði til Ólafsfjarðar og áfram þaðan inn Eyjafjörðinn. Lágheiði er oft erfið yfirferðar að vetri, en vegna snjóleysis undanafarin ár hefur hún þó verið opin lengur en oft áður. Með lagfæringum á Lágheiði, sem hófust sumarið 2005, mun vegurinn batna töluvert. Mögulegt er að því að aka um alla helstu þéttbýlisstaði í Skagafirði á bundnu slitlagi. Hægt er að aka hring um héraðið út frá þjóðvegi 1, allt á bundnu slitlagi.

Úr Skagafirði liggur fjallvegur 752 upp að Hofsjökli og áfram á Sprengisand. Ekki er ljóst hversu mikið hann er notaður.

**Tafla 6a:** Bílafjöldi á dag á sýslumörkum sumar og vetur árin 2000 og 2004[4]

*Í eftirfarandi töflu er borin saman umferð sumar og vetur árin 2000 og 2004 á þeim vegaköflum sem liggja á sýslumörkum Skagafjarðar til að gefa mynd af streymi umferðar um héraðið.*

| | | Sumar 2000 | Sumar 2004 | Vetur 2000 | Vetur 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Vegur 1 | **A-Hún.** | 1367 | 1273 | 373 | 556 |
| Vegur 1 | **Eyjafj.** | 1120 | 1325 | 329 | 480 |
| Vegur 76 | **Siglufj.** | 332 | 424 | 113 | 128 |
| Vegur 82 | **Ólafsfj.** | 152 | 203 | 42 | 60 |
| Vegur 744 | **Þverárfjall** | 93 | 369 | 22 | 170 |

**Tafla 6b:** Bílafjöldi á dag í þéttbýliskjörnum sumar og vetur 2000 og 2004

*Í eftirfarandi töflu er borin saman umferð innan þéttbýliskjarna í Skagafirði vetur og sumar árin 2000 og 2004.*

| | | Sumar 2000 | Sumar 2004 | Vetur 2000 | Vetur 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Vegur 1 | **Varmahlíð** | 2071 | 1913 | 538 | 819 |
| Vegur 744 | **Sauðárkrók** | 2400 | 2608 | 1617 | 1810 |
| Vegur 767 | **Hólar** | 158 | 243 | 72 | 128 |
| Vegur 77 | **Hofsós** | 628 | 683 | 423 | 474 |

4. *Byggt á gögnum frá Vegagerð ríkisins*
*http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/pages/ua_umferd.html*

Að vetri til sér Vegagerðin um snjómokstur á eftirfarandi leiðum og með eftirfarandi tíðni:

**Tafla 7: Snjómokstur í Skagafirði**

| Mokað alla daga | Mokað mánud., miðvikud., föstud. og sunnudag | Mokað mánud., miðvikud., föstud. og sunnudag | Mokað mánud., miðvikud. og föstud. |
|---|---|---|---|
| Þjóðvegur eitt | Þverárfjall | Siglufjarðarvegur frá þjóðvegi eitt að Sauðárkróksbraut | Skagafjarðarvegur frá þjóðvegi eitt að Steinsstöðum |
| Sauðárkróksbraut | | | Hólavegur frá Siglufjarðarvegi að Holum |
| Siglufjarðarvegur frá Sauðárkróksbraut | | | |

Það er mokað alla daga í Hóla, Lágheiðin er mokuð vor og haust

## Reiðleiðir og aðgengi hestamanna

Greiðfærar reiðleiðir og gott aðgengi ríðandi manna er mikilvæg forsenda fyrir rekstri fyrirtækja í hestaferðaþjónustu. Sérstaklega er mikilvægt að hestamenn neyðist ekki til að ríða malbikaða vegi bæði vegna öryggis hesta og knapa sem og þeirra sem ferðast akandi.

Töluvert hefur þegar verið unnið í lagningu reiðvega meðfram akvegum í firðinum. Víða er þó ólokið fjölförnum leiðum og má þar nefna m.a. leiðina milli Dýrfinnustaða og Hjaltastaðahvamms í Blönduhlíð og leiðina frá Varmahlíð að Flugumýri. Einnig vantar algjörlega reiðvegi frá Hofsósi út í Fljót sem og á fleiri stöðum í firðinum. Á nokkrum stöðum hefur verið unnið að því að opna gamlar leiðir og bæta aðstöðu en verulegs átaks er þörf í þeim efnum. Af ofangreindu má sjá að mikið verk er óunnið í reiðleiðamálum í Skagafirði.

## Flugsamgöngur

Reglulegt flug er á milli Reykjavíkur og Sauðárkróks. Flogið er allt árið, en mismunandi flugtími er eftir því hvort flogið er eftir vetrar- eða sumaráætlun. Miðað við nýjustu upplýsingar er vetraráætlun þannig að kvöldflug er í boði fjóra daga vikunnar, þ.e. þriðjudaga, fimmtudaga, föstudaga og sunnudaga, en morgunflug einu sinni í viku, þ.e. á föstudögum.

Samkvæmt upplýsingum frá Flugfélagi Íslands voru farnar samtals 168 flugferðir á milli Reykjavíkur og Sauðárkróks fyrstu átta mánuði þessa árs (þ.e. á tímabilinu janúar til ágúst 2005) og með þessum vélum ferðuðust samtals 3.147 farþegar. Að meðaltali var farin 21 ferð í hverjum mánuði, fjöldi flugferða sem í boði var nokkuð jafn yfir árið eða á bilinu 19 til 23 flug í mánuði.

## Almenningssamgöngur

Áætlunarferðir eru með rútubílum vetur og sumar um þjóðveg nr. 1., ávallt er komið við í Varmahlíð. Ekki reyndist hægt að fá tölur um farþega sem ferðast til eða frá Varmahlíð.

Samkvæmt útboði Ríkiskaupa sérleyfisleiðum og skólaakstri 2006 til 2008 þann 7. ágúst 2005 þá eru eftirfarandi sérleyfi auglýst í Skagafirði:

**F24** Sauðárkrókur - Varmahlíð: 14 ferðir í viku.

**F25** Siglufjörður - Sauðárkrókur: 8 ferðir í viku. Þar af 5 ferðir í tengslum við áætlunarflug til Sauðárkróks og 3 ferðir í tengslum við áætlunarferðir Reykjavík-Akureyri.

Samkvæmt upplýsingum frá Suðurleiðum ehf. voru á árinu 2004 farnar samtals 664 ferðir á milli Sauðárkróks og

Varmahlíðar. Yfir sumarmánuðina (þ.e. maí til september) voru ferðirnar um 62 í mánuði, þ.e. ein ferð fram og tilbaka alla daga vikunnar, en yfir vetrarmánuðina (þ.e. október til apríl) var ekki keyrt á laugardögum og því að meðaltali farnar 52 ferðir í mánuði. Heildarfjöldi farþega sem ferðaðist á þessari leið árið 2004 var 1.111. Fyrstu sex mánuði ársins 2005 (þ.e. janúar til júní) höfðu samtals 322 ferðir verið farnar, heildarfjöldi farþega var 593.

# Skipulagsmál

**Skipulag er eitt af grunnstjórnunartækjum sem sveitarfélag hefur til langtíma stefnumótunar. Þar kemur fram stefna er varðar landnýtingu og augljóst að ferðaþjónustan á þar ríkra hagsmuna að gæta. Í aðalskipulagi kemur fram nýting svæða í nútíma og til framtíðar og því er mikilvægt að nýting vegna ferðaþjónustu sé sett skilmerkilega fram í aðalskipulagi. Aðalskipulag fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð hefur verið unnið og hefur Árni Ragnarsson, arkitekt, skrifað greinargerð fyrir það aðalskipulag sem ekki er samþykkt.**

Hér er gerð grein fyrir aðal- og svæðisskipulag fyrir svæðið.

Svæðisskipulag Skagafjarðar 1998 – 2010, fyrir sveitarfélögin Akrahrepp og Skagafjörð var samþykkt sem stefnumörkun 09.03.1998. Það var aldrei staðfest af ráðherra.

Aðalskipulag er í gildi fyrir hluta af Sveitarfélaginu Skagafjörður. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Skipulagsstofnunar eru eftirfarandi svæði í sveitarfélaginu með aðalskipulag í gildi.

| Aðalskipulag í gildi | Staðfest |
|---|---|
| Ask. Sauðárkróks 1994 - 2014 | 20.02.97 |
| Ask. Varmahlíðar 1995 - 2015 | 23.05.96 |
| Ask. Steinsstaða 1990 - 2010 | 17.02.92 |
| Ask. Hóla í Hjaltadal 1990 – 2010 | 31.12.90 |

# Kynningarmál

**Sveitarfélagið Skagafjörður hefur margskonar aðkomu að ferðaþjónustu í héraðinu. Í fyrsta lagi rekur sveitarfélagið stofnanir sem eru í beinni þjónustu við ferðamenn s.s. sundlaugar á Sauðárkróki, í Varmahlíð og í Fljótum sem ferðamenn nýta sér. Þá rekur sveitarfélagið Byggðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ og Minjahúsið á Sauðárkróki sem bæði þjónusta ferðamenn. Reyndar er Byggðasafnið í Glaumbæ fjölsóttasti ferðamannastaður í Skagafirði með um 25.000 gesti árlega. Þá á sveitarfélagið tjaldstæði á Sauðárkróki sem það rekur en tekur ekki gjald fyrir.**

Aðkoma sveitarfélagsins að ferðamálum tengist einnig kynningu á Skagafirði sem spennandi áfangastað fyrir ferðamenn. Alls setur sveitarfélagið um 1.5 milljónir króna á ári í ýmiskonar auglýsingar í ferðahandbókum, tímaritum og í öðru efni sem dreift er til ferðamanna. Auk þess leggur sveitarfélagið verulegar upphæðir í kynningu á sveitarfélaginu sem ákjósanlegum búsetukosti og stundum er erfitt að greina þarna á milli.

Sveitarfélagið Skagafjörður er beinn aðili að rekstri Upplýsingamiðstöðvar Norðurlands vestra í Varmahlíð og greiðir til rekstrar hennar 2.5 milljónir á ári. Þá er sveitarfélagið með þjónustusamning við Markaðsskrifstofu

ferðamála á Norðurlandi sem kostar sveitarfélagið 2.5 milljónir á ári. Markaðsskrifstofan annast kynningu á Norðurlandi sem valkosti fyrir ferðamenn og að henni standa sveitarfélög á öllu Norðurlandi.

Á árinu 2005 hefur Sveitarfélagið Skagafjörður síðan lagt um 1.2 milljónir í stefnumótun fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra sem unnin er af Ferðamáladeild Hólaskóla.

Auk þessa þessa kemur sveitarfélagið að rekstri SSNV atvinnuráðgjafar og starfsmaður þeirra á Sauðárkróki aðstoðar fyrirtæki með umsóknir, rekstraráætlanir og fleira, jafnt ferðaþjónustufyrirtæki sem og önnur. Af þessu sést að Sveitarfélagið Skagafjörður kemur að ferðaþjónustu með margvíslegum hætti bæði beint og óbeint.

# Önnur þjónusta

**Í Skagafirði eru mörg þjónustufyrirtæki sem sinna jafnt heimamönnum sem og ferðamönnum.** Dagvöruverslanir eru á Sauðárkróki, Varmahlíð, Hofsós, Ketilási og Hólum. Opnunartími er mismunandi eftir stöðum, en verslanirnar í Varmahlíð sem og önnur dagvöruverslunin á Sauðárkróki hafa opið á kvöldin og um helgar. Bensínafgreiðslur eru í Varmahlíð, Hofsósi, Ketilási og Sauðárkróki. Aðrar verslanir og þjónustufyrirtæki er að finna á Sauðárkróki, svo sem Apótek, bakarí, fataverslanir, gjafavöruverslanir, bókasafn með internetaðgangi, fatahreinsun og þvottahús. Töluvert framboð er á bíla og dekkjaviðgerðum um allan fjörð og einn aðili býður uppá bakvaktir í dekkjaþjónustu þannig að alltaf er hægt að fá viðgerð dekk í Firðinum. Tveir bankar eru með útibú í Skagafirði, þar af annar þeirra með þrjú. Að auki er einn sparisjóður með afgreiðslu á Sauðárkróki. Rauðikross Íslands rekur tvo sjúkrabíla í Skagafirði en Heilbrigðisstofnun á Sauðárkróki og þrír tannlæknar sinna bráðamóttöku allan sólarhringinn.

# Viðauki 1: Hátíðir og viðburðir í Skagafirði

**Janúar:**
13. tónleikar og dansleikur hjá Heimi, Varmahlíð
13. brennur

**Febrúar:**
Söngvakeppni FNV, Sauðárkrók
Þorrablót, Íþróttahúsið á Sauðárkrók
Öskudagurinn

**Mars:**
Árshátíðir grunnskólanna
Páskabingó Neista í Höfðaborg, Hofsós
Páskatónleikar Heimis, Íþróttahúsinu á Sauðárkrók
Opinn dagur Hólaskóla

**Apríl:**
Sumardagurinn fyrsti
FNV dagurinn, Sauðárkrók
Tekið til kostanna, Sauðárkrók
Forsælumót Molduxa, Sauðárkrók
Forsæludansleikur, Sauðárkrók
Sæluvikan:
Dægurlagakeppnin
Kóramót
Frumsýning hjá Leikfélagi Sauðárkróks
Myndlistarsýningar leikskólanna á Sauðárkrók
Söngveisla og dansleikur, Miðgarði
Drangeyjarkvöld á Kaffi Krók
Ífurnar, menningar- og framfarafélag kvenna

**Maí:**
1. maí baráttudagur verkalýðsins
Vortónleikar tónlistarskólans
Skeifudagur á Hólum, Hólum í Hjaltadal
Fuglaskoðunardagur Náttúrustofu Norðurlands vestra og Hólaskóla
Útskrift FNV

**Júní:**
Sjómannadagurinn á Sauðárkrók og Hofsós
17. júní
Jónsmessuhátíð á Hofsósi
Héraðsmót í frjálsum UMSS
Útskrift Hólaskóla
Kvennahlaupið
Jónsmessuferð FSS

**Júlí:**
Undir Bláhimni í Reiðhöllinni
Safnadagurinn
Hafnardagur á Króknum
Skagafjarðarrallið
Krókshlaup
Fjölskyldudagur þjóðkirkjunnar

**Ágúst:**
Knattspyrnuskóli Íslands
Króksmót
Verslunarmannareið Svaðastaðir
Hólahátíð
Fornleifaráðstefna á Hólum
Krakkamót í frjálsum UMSS
Útskriftardagur Hólaskóla
Kvennagolfmót á Hlíðarenda

**September:**
Fjarnemavika Hólaskóla
Fjárréttir
Stóðréttir

**Október:**
Stóðréttir
Frumsýning Leikfélags Sauðárkróks

**Nóvember:**
Dansmaraþon 10. bekkjar Árskóla, Sauðárkrók
Nóvemberskemmtun Grunnskólans á Hólum
Aðventutónleikar Heimis

**Desember:**
Aðventuhátíðir
Jólahlaðborð
Bókmenntakynningar
Tónleikar Tónlistarskólans
Kveikt á jólatrénu frá Kongsberg á Kirkjutorgi, Sauðárkrók
Kveikt á jólatré í Hofsós
Rökkurganga og aðventukaffi í Glaumbæ
Jólaböll
Jólamót Molduxa á Sauðárkrók
Gamlársbrennur

# Viðauki 2: Rannsóknir og þróunarverkefni

Töluverður fjöldi þróunarverkefna er nú í vinnslu hjá Hólaskóla og/eða öðrum aðilum sem varða ferðaþjónustu í Skagafirði og á nærliggjandi svæðum. Við ferðamáladeild Hólaskóla vinna jafnframt kennara og nemendur að staðaldri að ýmsum verkefnum sem tengjast ferðamálum í héraðinu eða geta haft gildi fyrir þróun þeirra.

## Núverandi þróunarverkefni í Skagafirði og nágrenni:

**Matarkistan Skagafjörður**
Í verkefninu sem hófst árið 2003 er leitast við að finna aðferðir til þess að þróa svokallaðan „matartúrisma" (culinary tourism) í dreifbýli á Íslandi. Ætlunin er að kanna þátt matvæla í ferðaþjónustu á Íslandi og þróa leiðir til þess að gera hlut þeirra meiri en hann er í dag. Jafnframt því að vinna markvisst með íslenskum/skagfirskum matvælaframleiðendum verður leitast við að tengja hina ólíku þætti ferðaþjónustunnar saman - t.d. afþreyingu, gistingu og mat. Rannsóknir hafa sýnt að samstarf aðila í hinum ýmsu greinum innan ferðaþjónustunnar og framleiðslufyrirtækja á ákveðnu svæði getur haft jákvæð áhrif á svæðið í heild. Ríflega 40 matvælaframleiðendur eða ferðaþjónustuaðilar í Skagafirði taka þátt í verkefninu. **Umsjón:** Laufey Haraldsdóttir, ferðamáladeild Hólaskóli. Sjá nánar: http://www.holar.is/matur/mverk.htm

**Tröllaskagi - Áfangastaður**
Verkefnið snýst um eflingu Tröllaskaga sem áfangastaðar fyrir ferðamenn með áherslu á náttúrutengda og menningartengda ferðaþjónustu með þarfir ferðamanna og heimamanna í huga. Viðmið sjálfbærrar ferðaþjónustu verða höfð til hliðsjónar, þar sem umhverfislegur, efnahagslegur og félagslegur ávinningur er markmiðið. Verkefnið snýst um tvennt: í fyrsta lagi að gera þemabækling fyrir Tröllaskaga sem hvetur ferðamenn til að ferðast um allan skagann og reyna mismunandi afþreyingu á hverju svæði og í öðru lagi að undirbúa skíða- og útivistarmót í Fljótunum í tilefni 100 ára afmælis skíðaíþrótta á Íslandi, í samvinnu við alla skíðastaði á Tröllaskaga og í sveitarfélögum sem taka þátt. Verkefnið er unnið í samstarfi við sveitarfélögin í Skagafirði, Siglufirði, Ólafsfirði og Dalvíkurbyggð. **Umsjón:** Kjartan Bollason, ferðamáladeild Hólaskóla,

**Tröllaskagi - Gerð göngukorts af utanverðum Tröllskaga**
Verkefnið snýst um að gera kort í beinu framhaldi af göngukorti af miðjum Tröllaskaga, sem kom út árið 2005. Nýja kortið mun koma út um páska 2006. Kortið er unnið í samvinnu við staðkunnuga heimamenn og kortagerðarmaður, Hjalti Þórðarson, er úr Hjaltadalnum og þekkir vel til Tröllaskagans. Verkefnið er unnið í samstarfi við sveitarfélögin í Skagafirði, Siglufirði, Ólafsfirði og Dalvíkurbyggð. **Umsjón:** Kjartan Bollason, ferðamáladeild Hólaskóla.

**Sólstafir**
